

# Alþingi 1914.

## Þingsetning.

Ár 1914, miðvikudaginn 1. júlí, var tuttugasta og fimta löggefandi Alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. Var það fimta aukaðingið með löggjafarvaldi.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 12 á hádegi og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Sigurður prestur Stefánsson, þm. Ísafjarðarkaupstaðar, steig í stólinn og lagði út af Fil. 2, 1—4.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar. Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð ráðherra Hannes Hafstein upp og las upp tvö konungsbrjef, er svo hljóða:

Vjer Cristian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar miðvikudaginn 1. júlí þ. á., og viljum Vjer um þingtimann allramildilegast kveða svo á, að Alþingi þetta megi eigi setu eiga lengur en 6 vikur.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðs-

þjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. apríl 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Opið brjef,

sem stefnir saman Alþingi til aukafundar 1. júlí 1914.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vjer viljum hjer með veita yður sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi það, er koma á samantil aukafundar miðvikudaginn 1. júlí næst komandi.

Ritað á Amaliuborg 22. apríl 1914.

Undi Vrorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Til herra Hannesar Hafstein, K. af Dbr. og Dbrm., Vors ráðherra fyrir Ísland.

Síðan fórust ráðherra svo orð:

Samkvæmt þessu umbóði lýsi jeg því yfir í nafni Hans hátignar konungsins, að þetta aukaping, sem er tuttugasta og finta löggjafarþingið síðan vjer fengum stjórnarskrána fyrir fjörutíu árum, er sett.

Stóð þá upp Sigurður Stefánsson, þm. Ísafjarðarkaupstaðar, og mælti:

*Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Tíundi!*

Tóku þingmenn undir það með nífoldu húrra. —

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

#### A.

##### *Konungkjörnir þingmenn:*

1. Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.,
2. Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.,
3. Steingrímur Jónsson, 3. kgk. þm.,
4. Stefán Stefánsson, 4. kgk. þm.,
5. Björn Þorláksson, 5. kgk. þm.,
6. Guðmundur Björnsson, 6. kgk. þm.

#### B.

##### *Þjóðkjörnir þingmenn:*

7. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.,
8. Bjarni Jónsson, þm. Dalamanna,
9. Björn Hallsson, 1. þm. Norðmýlinga,
10. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.,
11. Eggert Pálsson, 2. þm. Rangæinga,
12. Einar Arnórsson, 2. þm. Arnessýslu,
13. Einar Jónsson, 1. þm. Rangæinga,
14. Guðm. Eggerz, 2. þm. Sunnmýlinga,
15. Guðm. Hannesson, 1. þm. Húuветninga,
16. Guðm. Ólafsson, 2. þm. Húuветninga,
17. Hannes Hafstein, 1. þm. Eyfirðinga,
18. Hjörtur Snorrason, þm. Borgfirðinga,
19. Jóhann Eyjólfsson, þm. Mýramanna,
20. Jón Jónsson, 2. þm. Norðmýlinga,
21. Jón Magnússon, 2. þm. Reykvinga,
22. Karl Einarsson, þm. Vestmannaeyja,
23. Karl Finnbogason, þm. Seyðfirðinga,
24. Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K.,
25. Magnús Kristjánsson, þm. Akureyrar,
26. Matthias Ólafsson, þm. Vestur-Ísafj.s.,
27. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga,
28. Pjetur Jónsson, þm. Suður-Þingeyinga,
29. Sigurður Eggerz, þm. V.-Skaftfellinga,

30. Sigurður Gunnarsson, þm. Snæfellinga,

31. Sig. Sigurðsson, 1. þm. Árnesinga,

32. Sigurður Stefánsson, þm. Ísafj.kaupst.,

33. Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísafj.s.,

34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyfirðinga,

35. Sveinn Björnsson, 1. þm. Reykvinga,

36. Þórarinn Benediktsson, 1. þm. S.Múl.,

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings: Hákon Kristófersson, þm. Barðstr.,

Jósef Björnsson, 2. þm. Skagfirðinga,

Magnús Pjetursson, þm. Strandamanna,

Þorleifur Jónsson, þm. Austur-Skaftfellinga.

Ráðherra kvaddi Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm., sem var elstur þingmanna, til að taka forsetasæti og stýra prófun kjörbrjefa og kosningu forseta. Tók hann sjer til aðstoðar Sigurð Stefánsson, þm. Ísafjarðarkaupstaðar og Ólaf Briem, 1. þingmann Skagfirðinga.

Þá var öllum þingmönnum skift í þrjár deildir til að prófa kjörbrjef nýkosinna þingmanna.

Urðu þessir þingmenn í hverri deild:

#### 1. deild.

Benedikt Sveinsson,  
Bjarni Jónsson,  
Eggert Pálsson,  
Einar Jónsson,  
Hjörtur Snorrason,  
Jón Jónsson,  
Júlíus Havsteen,  
Matthias Ólafsson,  
Ólafur Briem,  
Sigurður Stefánsson,  
Skúli Thoroddsen,  
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.

#### 2. deild.

Björn Hallsson,  
Björn Kristjánsson,  
Björn Þorláksson,  
Eiríkur Briem,  
Guðmundur Eggerz,  
Hannes Hafstein,  
Jóhann Eyjólfsson,  
Kristinn Danielsson,  
Sigurður Eggerz,

Sigurður Gunnarsson,  
Sveinn Björnsson,  
Þórariun Benediktsson.

3. deild.

Einar Arnórsson,  
Guðmundur Björnsson,  
Guðmundur Hannesson,  
Guðmundur Ólafsson,  
Jón Magnússon,  
Karl Einarsson,  
Karl Finnbogason,  
Magnús Kristjánsson,  
Pjetur Jónsson,  
Sigurður Sigurðsson,  
Stefán Stefánsson, 4. kgk. þm.,  
Steingrímur Jónsson.

Deildirnar gengu síðan úr salnum til að gegna rannsókn kjörbrjefanna, og var fundi frestað meðan því færi fram.

Að nokkrum tíma liðnum komu deildirnar aftur í salinn, og var þá fundi haldið áfram.

Framsögum. kjörbrjefadeildanna skýrðu frá árangrinum af rannsóknunum á þessa leið:

**Framsögumaður 1. kjörbrjefad. (Skúli Thoroddsen):** Fyrsta kjörbrjefadeild hefir haft til athugunar kjörbrjef þingmanna 3. kjörbrjefadeildar, og hefir ekkert það við þau að athuga, er skert geti gildi þeirra, og leggur því til, að þau verði öll samþykkt. Á hinn bóginn skal þess, að því er formið snertir, getið, að nálega í engu þeirra er getið atkvæðatölunnar, er sá tjekk, er kjörinn var, hvað þá, að getið sje um framhjödendur eða um atkvæðin, er greidd voru alls o. fl. o. fl. Óskandi væri því að stjórnin ljeti gjöra heppilegt form, er kjörstjórnunum væri síðan hvivetna ætlað að fara eftir.

Tillaga deildarinnar er að taka öll kjörbrjefin gild.

Voru kosningarnar því næst samþykktar með öllum atkvæðum.

**Framsögum. 2. kjörbrjefad. (Eiríkur Briem):** Önnur deild hefir fengið til meðferðar kjörbrjef þingmanna 1. deildar og útskriftir úr gjörðabókum yfirkjörstjórnanna.

Deildin hefir ekkert fundið athugavert við kjörbrjefin og leggur til, að þau verði öll samþykkt. Að eins skal þess getið, að í Borgarfirði í Norður-Múlasýslu var kosið tvisvar, vegna þess að farið var í fyrra skiftið eftir rangri kjörskrá, nefnilega þeirri, sem nú fyrst er gengin í gildi. Yfirkjörstjórnin ljeti því kjósa af nýju eftir rjetttri kjörskrá. Þessa er hjer að eins getið, án þess að kjörbrjefadeildin hafi nokkuð við þetta að athuga. Tillaga hennar er að samþykkja öll kjörbrjefin.

Tillaga kjörbrjefadeildarinnar samþykkt í einu hljóði.

**Framsögumaður 3. kjörbrjefad. (Jón Magnússon):** Þriðja kjörbrjefadeild hefir haft til athugunar kjörbrjef þingmanna annarar kjörbrjefadeildar og útdrætti úr gjörðabókum hlutaðeigandi yfirkjörstjórna og hefir ekkert fundið þar við að athuga, nema það, sem háttv. framsögumaður 2. kjörbrjefadeildar tók fram, sem sje uppkosninguna í einum hreppi í Norður-Múlasýslu.

Deildin leggur til að öll kjörbrjefin sjeu tekin gild.

Tillaga kjörbrjefadeildarinnar samþykkt í einu hljóði.

Að þessu loknu unnu allir þeir þingmenn lögskildan eið að stjórnarskránni, er nýkosnir voru og ekki höfðu áður átt sæti á Alþingi, þeir sem til þings voru komnir.

Þá var gengið til kosninga á embættismönnum sameinaðs Alþingis.

Forseti var kosinn

*Kristinn Danielsson*, 2. þm. Gullbr.-og Kjósars., með 18 atkvæðum.

Jón Magnússon, 2. þm. Reykvikinga, hlaut 17 atkvæði, 1 seðill var auður.

Gekk þá Kristinn Danielsson til forseta-

Kosning :krifara. Kjörbrjefanefnd. Kosning til efri deildar. — Tilkynning frá ráðherra: Fánamálið.

stóls, og tók við fundarstjórn og mælti svo felddum orðum :

Jeg þakka hinu háa Alþingi fyrir þann sóma, er það hefir sýnt mjer með þessari kosningu. Jeg óska þess að þingstörfin í sumar verði alþingismönnum á nægjuleg og megi verða til þess, að treysta og efla heill og hag fósturjarðarinnar. Að svo mæltu skal jeg halda áfram dagskránni.

Ljet forseti því næst ganga til kosninga um varaforseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut sem varaforseti

*Sigurður Gunnarsson*, þm. Snæfellinga, með 19 atkv.

*Sigurður Stefánsson* hlaut 12 atkv., *Jón Magnússon* 1 og 3 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosninga á skrifurum sameinaðs Alþingis.

Voru viðhafðar hlutfallskosningar eftir skriflegri beiðni þessara níu þingmanna :

Einars Arnórssonar,  
Björns Kristjánssonar,  
Sigurðar Gunnarssonar,  
Sigurðar Eggerz,  
Sveins Björnssonar,  
Björns Þorlákssonar,  
Karls Einarssonar,  
Hjartar Snorrasonar,  
Benedikts Sveinssonar.

Kosningu hlutu sem skrifarar þeir

*Einar Arnórsson*, 2. þm. Árnesinga og *Sigurður Stefánsson*, þm. Ísfjk.

Að þessu loknu var kosin lögmaelt *kjörbrjefanefnd*.

Var viðhöfð hlutfallskosning eftir ósk áður taldra níu þingmanna.

Kosningu hlutu þeir

*Einar Arnórsson*, 2. þm. Árnesinga,  
*Sig. Stefánsson*, þm. Ísafjarðarkaupstaðar,  
*Sigurður Eggerz*, þm. Vestur-Skaftfellinga,  
*Pjetur Jónsson*, þm. Suður-Þingeyinga,  
*Karl Finnbogason*, þm. Seyðfirðinga.

Siðan voru kosnir óbundnum kosningum átta þjóðkjörnir þingmenn til að taka sæti í efri deild, og hlutu kosningu :

*Guðm. Ólafsson*, 2. þm. Húnv. með 35 atkv.

*Hákon Kristóferss.*, þm. Barð. — 35 —

*Sigurður Stefánsson*, þm. Ísfjk. — 35 —

*Jósef Björnsson*, 2. þm. Skagf. — 34 —

*Magnús Pjeturss.*, þm. Strand. — 33 —

*Karl Einarsson*, þm. Vestm. — 32 —

*Karl Finnbogason*, þm. Seyðf. — 32 —

*Kristinn Danielss.*, 2. þm. G.-K. — 24 —

*Maguús Kristjánsson*, þm. Akureyringa, hlut 14 atkv., og nokkrir aðrir þingmenn 1 atkvæði hver.

## Tilkynning frá ráðherra.

Þá er hjer var komið kvaddi forseti ráðherra hljóðs.

**Ráðherra (Hannes Hafstein):** Þá er því var orðið framgengt, að fyrir Ísland skyldi löggildur vera sjerstakur fáni, sem nota má eigi að eins hvarvetna á landi, heldur einnig sem þjóðernismerki á íslenskum skipum í íslenskri landhelgi, kom það í ljós, að mjög miklir meinbugir þóttu vera á því, að hinn blái fáni með hvítum krossi, sem ýmsir hafa notað hjer um hrið og farið var fram á í frumvörpunum á þingi 1911 og 1913, gæti orðið löggiltur sem íslenskur fáni, en hins vegar sá jeg mjer ekki fært að gjöra tillögu um aðra gerð upp á mitt eindæmi. Það var því ákveðið í konungsúrskurðinum um sjerstakan fána fyrir Ísland, að gerð hans skyldi ákveðin með nýjum konungsúrskurði, þá er ráðherra Íslands hefði átt kost á að kyuna sjer óskir manna á Íslandi um þetta efni. Jeg sá eigi önnur úrræði til þess að undirbúa þetta viðkvæma mál, ákvörðun um gerð flaggsins, en að skipa nefnd manna til að ihuga málið, leita upplýsinga og undirtekta og koma fram með tillögur, upp á væntanlegt samþykki Alþingis, að því er kostnaðinn snertir. Skipaði jeg því 5 manna

Tilkynning frá ráðherra: Fánamálið; væntanleg ráðherraskifti; stjórnarfrumvörp.

nefnd í þessu skyni. Í nefndina voru skipaðir þessir menn:

Guðm. Björnsson, landlæknir, sem formaður,  
Ólafur Björnsson, ritstjóri,  
Matthias Þórðarson, fornmenjavörður,  
Jón Jónsson, dósent og  
Þórarinn Þorláksson, málari.

Þessi nefnd var skipuð um nýársleytið. Hún hefir unnið að málinu síðan, og nú 17. júní hefir hún lagt fram rækilegt nefndsrálit, er jeg leyfi mjer hjer með að biðja skrifarana að útbýta meðal þingmanna, og legg jeg það hjer með fram fyrir hið háa þing í heild sinni, til þess að þinginu gefist kostur á að láta í ljósi álit sitt. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til háttv. forseta, hvort hann teldi ekki rjett, að mál þetta yrði, að minsta kosti til að byrja með, rætt fyrir „luktum dyrum,“ og hvort hann vildi ekki innan skamms kveðja til aukafundar meðal þingmanna í því skyni.

Þá vil jeg leyfa mjer að bæta við örfáum orðum um annað efni.

Þó að afl og afstaða flokkanna væri ekki sem ljósast eftir síðustu kosningar, þótti það nægilega ljóst til þess, að sýnt var, að núverandi stjórn gat ekki talið sjer nægilegt meirihlutafylgi, til þess að geta haldið óskerðum hlut á þessu þingi. Með því að mjer þótti að ýmsu leyti máli skifta, að þingmenn vissu í tíma, að þeir þyrftu ekki að beita neinu harðfylgi til að koma mjer frá ráðherraembættinu, ljet jeg það vera fyrsta verk mitt, er jeg naði konungsfundi, að afhenda lausnarbeiðni mína. Það var þó ekki tilætlun mín, að ráðherraskifti færðu fram milli þinga, enda beiddist konungur þess, er hann tók við lausnarbeiðni minni, að jeg hjeldi áfram ráðherra-störfum fyrst um sinn, og væntir Hans hátigu konungurinn þess, að það sjáist nú brátt, eftir að þing er komið saman, hvernig flokkaafstaða verður, og hverjar eru óskir meiri hluta þings um skipan ráðherrastöðunnar. Bað hann mig að láta sig vita, hverju fram yndi um þetta efni. Jeg vil því biðja

háttv. þingmenn að taka þetta til ihugunar og láta mig síðan vita niðurstöðuna, svo að jeg geti skýrt konunginum frá henni.

Til þess að spara þinginu tíma hefi jeg áformað að leggja stjórnarfrumvörpin fram í deildunum þegar í dag, á fyrsta fundi deildanna, þegar þær eru sestar á laggirnar, og bið jeg væntanlega forseta að ætla mjer svigrúm til þess.

**Forseti:** Þar sem hæstv. ráðherra skaut því til mín, að jeg vildi kveðja alla þingmenn til aukafundar um fánamálið, þá vil jeg lýsa yfir því, að jeg er fús til þess við fyrstu hentugleika eftir samráði við alþingismenn.

## Prófun fjögurra kjörbrjefa.

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis, föstudaginn 3. júlí, að öllum þingmönnum viðverandi, var samkvæmt dagskránni tekið fyrir

### *prófun kjörbrjefa*

þeirra

Hákouar Kristóferssonar, þm. Barðstr.,  
Jósefs Björnssonar, 2. þm. Skagf.,  
Magnúsar Pjeturssonar, þm, Strandam.,  
Þorleifs Jónssonar, þm. A.-Skafth.,  
er nú voru til þings komnir.

Kjörbrjefanefnd þingsins, þeirri er kosin var á fyrsta fundi sameinaðs þings, höfðu verið fengin í hendur kjörbrjef greindra þingmanna, svo og afskriftir af kosningar-gjörðum í kjördæmum þeirra.

Þá er nefndin hafði athugað kjörgögn þessi, kvaddi forseti framsögumanni hennar hljóðs.

**Framsögumaður (Einar Arnórsson):** Nefndin hefir rannsakað kjörbrjefin og ekki fundið neitt við þau að athuga. Þó hefir forminu verið ábótavant að sumu leyti, og skirskotar nefndin til athugasemda háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem fram komu á

siðasta fundi. Auk þess hefir þess ekki verið getið í kjörbrjefi þm. Barðstr., (H.K.) hve lengi kosningin gildi, en þar sem ákvæðið um það atriði er annarsstaðar að finna, þykir nefndinni ekki ástæða til að gjöra frekara úr því.

Tillaga nefndarinnar er því, að öll kjörbrjefin verði tekin gild.

ATKVGR.:

Kosningarnar teknar gildar í e. hlj.

Því næst vann Magnús Pjetursson, þm. Strandamanna, lögskipaðan eið að stjórnarskránni.

## Þingsályktanir.

### 1. Landssjóðsfje.

Á 3. fundi sameinaðs þings, fimtudaginn 30. júlí, kl. 11 síðdegis, að öllum þingmönnum viðstöddum, nema Guðm. Eggerz, Hákonni Kristóferssyni, Karli Finnbogasyni, Júlíusi Havsteen og Magnúsi Kristjánssyni, var útbýtt

*tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að víxla handbæru fé landssjóðs í gull,*

og voru þessir flutningsmenn:

Einar Arnórsson,  
Matthías Ólafsson,  
Björn Kristjánsson,  
Sveinn Björnsson,  
Ólafur Briem,  
Magnús Pjetursson,  
Steingrímur Jónsson,  
Sigurður Stefánsson.

**Forseti:** Eftir samráði við allmarga háttv. þm. hefi jeg boðað fund þenna með skyndiboði, án þess að hann væri áður birtur með dagskrá, svo sem venjulegt er, og hafð hann nú fyrir lokuðum dyrum.

**Skúli Thoroddsen:** Jeg sje ekki nauðsyn á því, að halda fund þennan fyrir

lokuðum dyrum, og vildi fá að heyra ástæðuna fyrir því, að svo á að gjöra.

**Hannes Hafstein:** Með því að háttv. þm. sjálfum mun allfestum óljóst um hvað á að tala á skyndifundi þessum, hvað þá hitt, hverja afstöðu þeir eigi að taka, þá sýnist mjer naumast timi til kominn að bjóða almenningi upp á að hlusta á umræðurnar.

**Forseti:** Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar, samanborinni við 47. gr. þingskapanna, leyfi jeg mjer að bera það undir atkvæði háttv. þings, hvort fund þennan skuli halda fyrir lokuðum dyrum eða ekki.

ATKVGR.:

Samþykkt með öllum atkv. gegn 3 að halda fundinn fyrir lokuðum dyrum.

Að lokinni þessari atkvæðagreiðslu leit aði forseti leyfis til þeirra afbrigða frá þingsköpunum, að mega taka þegar til umræðu

*tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að víxla handbæru fje landssjóðs í gull* (A. 291), sem útbýtt var í fundarbyrjun.

Umboðsmaður ráðherra leyfði afbrigðin og þingið samþykkti þau í einu hljóði.

Var tillagan því næst tekin fyrir hver níg ræða skuli.

Forseti lagði til að höfð væri ein umr. um till.

Sú till. forseta samp. í einu hljóði.

Ein umr. hófst þegar í stað (A. 291).

**Flutningsmaður (Einar Arnórsson):** Svo sem öllum háttv. þm. mun sjálfsgagt kunnugt, barst hingað til lands símskeyti í gær um að ófriður væri hafinn milli Austurrikismanna og Serba, og jafnframt allískyggilegar fregnir um það, að þetta mundi leiða til almennrar styrjaldar í Norðurálfu. Þegar þessar fregnir höfðu hingað borist, kom einn þingflokkurinn saman á fund í gær, til að ræða um, hvað tiltækilegast mundi vera að gjöra til að afstýra vandræðum og skortli, er af þessu gæti leitt hjer á landi. Niðurstaðan varð sú, að hann kaus nefnd til að ihuga málið. Tók sú nefnd til starfa þegar í gær, og í morgun bættust við í nefndina tveir menn úr hvorum hinum flokknum, svo að nú skipa hana alls 9 menn. Frá nefnd þessari er svo komin tillaga sú til þingsályktunar, sem hjer er til umræðu.

Jeg tel það við eiga að skýra nokkuð nánar frá störfum nefndar þessarar. Störf hennar hafa beinst að því, að reyna að finna ráð til þess að afstýra sem mest tjóni því, sem hlýtur að leiða af almennri Norðurálfustyrjöld fyrir þetta land.

Einn liður starfa nefndarinnar er tillaga þessi; brátt mun og koma frv. frá henni.

Aðalstarf nefndarinnar hefir beinst að tvennu. Annað er það, að landið lendi ekki í sveltu, og er þar tvent til að gripa. Annað að reyna að afla birgða frá útlöndum, og hins vegar að hlutast til um, að eigi sje flutt úr landi, það sem vjer meguum sist án vera af gæðum þess. Til þess

að sporna við útflutningi matvæla úr landinu um skör fram taldi nefndin nauðsynlegt, að þingið gæfi landsstjórninni heimild til að leggja bann að einhverju eða öllu leyti við útflutningi nauðsynjavöru úr landinu, og miðar frv. það, sem jeg gat áðan um, að því.

Nefndin hefir ráðfært sig við umboðsmann ráðherra — því miður er ráðherra sjálfur ekki viðstaddur — bæði um till. og frv., og veit jeg ekki annað en að hann sje málinu hlyntur. Nefndin hefir haft stuttan tíma til starfa, og því hætt við, að nokkur ljóður kunni að vera á gjörðum hennar, þótt hún hafi haft þann undirbúning undir tillögu sína og frumv., sem unt var. Meðal annars hefir hún ráðgast við þá kaupsýslumenn, umboðssalana, sem líklegastir þóttu til að geta gefið upplýsingar um, hvernig tiltækilegast mundi að ná í vörur frá útlöndum. Þessir menn hafa getað gefið oss litilsháttar upplýsingar. Þá hefir nefndin og fengið nokkra vitneskju um horfurnar af tveim símskeytum, sem hingað hafa borist í dag. Annað skeytið barst til Ísafoldar og Morgunblaðsins, og mun öllum háttv. þm. kunnugt efni þess. Hitt skeytið var til stjórnarráðsins frá íslensku stjórnarráðsskrifstofunni í Kaupmannahöfn og mun það ókunnara ýmsum háttv. þm., og vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa það upp. Það er þannig: „Konfererað við utanríkisstjórn í dag; útilitið afleitt alstaðar; korn stórstigur; simar aftur um kol; ekki mobiliserað hjer enn; en um exportteppu óvist“. Svo kemur það sem oss varðar mestu: „*Jeg tilraader Forsyning hurtigst. — Islandskontor.*“ Nefndin hefir nú í fljótum hasti reynt að afla sjer upplýsinga um, hvað landið muni vanhaga mest um. Hún býst við því, að þótt almennur Norðurálfuófriður hefjist, þá muni hann varla standa mjög lengi. Hún telur það nauðsynlegt að byrgja landið upp með 3 mánaða forða; vonar að það muni nægja. Í samráði við þá kaupsýslu-

menn, sem jeg gat áðan um, hefir nefndin gjört mjög lauslega áætlun um, hvers mundi þurfa með til að fullnægja þessu, og hvaðan vænlegast mundi að fá vörurnar. Taldist svo til, að landið mundi verða nokkurn veginn birgt til 3 mánaða með steinoliu, salt og kornvöru, fyrir hjer um bil 1,000,000 kr. með vanaverði. Þá kom næst til athugunar, hvaðan vörur þessar mundu fáanlegar. Eftir upplýsingum þeim, sem nefndiu fjekk, má telja líklegast að margar þeirra verði helst fáanlegar frá Ameríku, svo sem hveiti, hrisgrjón, haframjöl og steinolia, ef á þyrfti að halda, þó að nefndin hins vegar gjöri ráð fyrir, að steinoliufjelagið geti sjeð fyrir henni. Kol er ekki ólíklegt að hægt mundi að fá frá Bretlandi, og ekki víst að mikil ástæða sje fyrir stjórnina að hlutast til um kolaútvegum; kolakaupmennirnir mundu annast það. Frá Noregi má vænta, að hægt sje að fá rúg og rúgmjöl. Þaðan má gjöra ráð fyrir að þyrfti að fá 11—1200 tons af rúgi og rúgmjöli, eða einn til tvo stóra farma, en frá Ameríku 1000 tons af kornvöru, og yrði steinolia og vjelaolia líka tekin þaðan, má gjöra ráð fyrir að hún yrði alls um 850 tons, eða samtals þaðan um 1850 tons, og yrði það einn allstór skipfarmur. Þetta er að sjálfsgöðu ekki annað en lausleg bráðabirgðaaætlun, en jeg álit þó rjett að skýra háttv. þm. frá henni.

Ástæðan fyrir því að till. þessi er komin fram, er sú, að seðlar vorir eru ekki gjaldgengir erlendis, annarstaðar en í Danmörku og ef til vill í Noregi. Því er sjálf sagt að reynt sje að fá skift handbæru fje landssjóðs í gull, svo að landsstjórnin hafi á reiðum höndum gjaldeyri, sem víst er að gjaldgengur sje, hvar sem vörur kann að þurfa að kaupa. Að visu má gjöra ráð fyrir að erfitt verði að afla gullsins; þó virðist oss eigi mega leggjast undir höfuð að reyna það. Önnur ástæða fyrir því, að tillaga þessi er komin fram, er sú,

að búast má við því að rentutap leiði af því, að vixla handbæru fje landssjóðs í gull, og vildi nefndin með tillögunni firra landsstjórnina ámæli fyrir þær gjörðir hennar, ef til kæmi.

Að endingu tek jeg það fram, að nefndin treystir því, að bankarnir muni gjöra alt, sem þeir geta, til þess að greiða fyrir málinu.

Finnt jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni.

**Benedikt Sveinsson:** Áður en gengið er til atkvæða um tillögu þessa, vildi jeg fá að heyra hjá háttv. flutnm. tillögunnar, hvernig þeir hugsi sjer að hægt muni að fá gullið.

**Flutningsm. (Einar Arnórsson):** Jeg skal geta þess, að jeg tel mig ekki nógu bankafróðan eða viðskiftafróðan til að svara þessari spurningu; en í nefndinni sitja menn mjer færari til þess; og nefni jeg til þess sjerstaklega háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og óska jeg að hann vildi taka til máls um þetta.

**Björn Kristjánsson:** Mjer finst það ekki liggja hjer fyrir að svara fyrirspurn háttv. þm. N.-Þing. (B. S.). Þótt stjórninni sje gefin heimild til að vixla svo miklu af handbæru fje landsins í gull sem hægt er, þá liggur það ekki hjer fyrir að ráða fram úr, hvernig það skuli gjöra. Annars býst jeg við að stjórnin snúi sjer til bankanna hjer, og afli sjer vitneskju um það, hvert lið þeir geta hjer veitt, hvað þeir eigi inni hjá erlendum bönkum o. s. frv. Sömuleiðis gjöri jeg ráð fyrir, að hún muni leita til skrifstofu sinnar í Kaupmannahöfn um það, hvort hún geti ekki eitthvað stutt að þessu með ráðum og upplýsingum

Jeg endurtek það, að mjer finst það ekki liggja hjer fyrir að gefa stjórninni lífsreglur um það, hvernig hún skuli haga



sjer í þessu máli. Með tillöggunni er henni engin skuldbinding lögð á herðar um að víxla öllu handbæru fje landssjóðs í gull, heldur að eins farið fram á að hún leitist við, að gjöra svo mikið sem unt er til að afla gullinsins.

**Hannes Hafstein:** Það er auðvitað ágætt að vera skjóttur til ráða, þegar vanda ber að höndum; en hitt er eigi minna um vert, að hlaupa þá ekki of mikið á sig. Enn hygg jeg töluverða ástæðu vera til aðætla, að ófriðarskeytin til blaðanna sjeu nokkuð ýkt. Það er t. d. hálfóhiklegt, að þegar sje svo komið að Hollendingar sjeu þess búmir, að fara að veita sjónum inn á hið frjóva land sitt, eins og ein simfregnin hermir. Mjer skilst og að ófriðarhræðslan, eða hræðslan við þá allsherjar hættu, sem yfir vofi, sje ekki jafnmögnuð í skeytinu frá stjórnarskrifstofunni í Höfn eins og í skeytunum til blaðanna. En þótt hættan sje ekki jafnmikil og skeytin benda á, þá getur eigi að síður verið vit í því, að reyna nú þegar til að byrja á undirbúningi undir að tryggja landið sem best fyrir skorti, og því er vel að þessu sje sem fyrst gaumur gefinn. En jeg efast um að sá vegur sje rjettur, sem stefnt er inn á með þingsályktunartillöggunni, eins og hún liggur fyrir; og eftir því sem orð hennar liggja til, gæti hún að minni hyggju jafnvel verið hættuleg. Þess er fyrst að gæta, að ef vjer förum að kaupa forða frá útlöndum, þá mundi það naumast forsvaranlegt, að landssjóður, meðan annars er kostur, færi að senda hjeðan úr landinu gull fyrir hann, heldur mundi talið sjálfsagt, meðan unt er, að borga hann með ávisunum á erlenda banka. Í því efni geta bankarnir hjerlendu orðið oss að liði, því að svo er hamingjunni fyrir að þakka, að þeir eiga töluvert fje hjá bönkum erlendis, sjerstaklega Íslandsbanki, og standa í tryggum viðskiftasamböndum við þá. Auk þess eigum vjer nokkurt fje hjá aðalfjehirslu Dana. En

þar næst er það að athuga, að eins og tillagan liggur fyrir, verður hún naumast skilin öðru visi en svo, að meiningin sje að landsstjórnin skuli heimita, að Íslandsbanki innleysi með gulli alla þá seðla hans, sem landssjóður liggur með, eftir því sem til hrekkur, og það væri sama sem að eyðileggja bankann og gjöra sjer það verkfæri ónýtt í bráð. En þó þetta sje ekki tilætlunin, þá er vist, að það er fullkomið óráð undir þessum kringumstæðum, að skerða nokkuð þann málmforða, sem Íslandsbanki hefir, nema alt aðrar ráðstafanir væru jafnframt gjörðar. Afleiðingin af því, að gullforðinn væri að nokkru skertur, þótt ekki væri hann allur rifinn út, mundi meðal annars verða sú, að bankinn yrði að draga inn svo og svo mikið af seðlum sínum, og er fljótsjeð hvilikur hnekkir það gæti orðið fyrir viðskiftalíf hjer innanlands, sem einnig þarf að hugsa um.

Það rjetta í hugsun háttv. tillögumanna er það, að tryggja landinu, að hægt verði að borga vistaforða þann og aðrar birgðir, sem gjört er ráð fyrir að kaupa þurfi erlendis, til að fyrirbyggja hallæri í landinu, svo að landið verði ekki af kaupum fyrir þá sök að gjaldeyri skorti; en það virðist mjer eiga að gjöra með því að vinda sem bráðastan bug að því, að búa svo um, og fá það fastmælum bundið, að vjer getum ráðstafað því fje, sem útlend inneign og lánstraust islenskra banka og landssjóðs nemur, til að borga það, sem landssjóður þarf að kaupa á þeim stöðum erlendis, þar sem vörurnar verða keyptar.

Jeg held því að vjer ættum ekki að samþykkja tillögu þá, sem hjer liggur fyrir, heldur fyrst um sinn skora á stjórnina að gjöra í þessu máli það sem unt er, og er vist óhætt að treysta því, að hún muni fara hyggilega að ráði sínu.

**Björn Kristjánsson:** Jeg skal benda á það, að nefndin hagaði tillögu sinni eins og hún er, af því að hún gjörði ráð fyrir,

að svo gæti farið, að Ísland yrði útilokað frá póstsambandi við önnur lönd. Það er satt, að ef sambandið helst, þá duga ávísanir á erlenda banka. Færi svo að sambandið slitnaði, þá væri og loku skotið fyrir að ávísanir kæmu að haldi, og hvaðan ætti þá að taka borgunina fyrir forðann, sem gjört er ráð fyrir að landsstjórnin eigi að annast um kaup á? Því áleit nefudin nauðsynlegt að koma með tillögunna þannig orðaða sem hún er; vill hún með því reyna að tryggja að landsstjórnin hafi fyrirbyggjandi nokkurn gjaldeyri í gulli til að grípa til, ef annað þrýtur. Það dettur engum í hug, að landsstjórnin eigi að fara að skerða nauðsynlegan gullforða Íslandsbanka; svo að alt tal um það er hreinasti óparfi.

**Umboðsm. ráðherra (Kl. Jónsson):** Þegar mjer var sýnd þessi tillaga áðan, þá skildi jeg hana svo, að meiningin væri sú, að landsstjórnin skyldi taka alt handbært fje landssjóðs — jeg held það sje liðugar 200 þús. krónur — og fara með það í bankana og biðja um gull í staðinn. Jeg bjóst ekki við að mikið gull væri til í Landsbankanum; en að hann þó mundi láta það, sem hann hefði. En jeg hjelt að það mundi ef til vill vera meira gull til í Íslandsbanka en hann þyrfti á að halda, og að þar mundi verða hægt að vixla talsverðu af seðlum í gull. Ástæðan til þess að nauðsynlegt getur verið að hafa gull, er sú, að minu álitu, að vel getur verið að síma- og póstsambandi við umheiminn verði slitid. Getur þá rekið að því, að nauðsynlegt sje að senda skip, eða einn af trollurum okkar, til þess að kaupa inn nauðsynjavörur; en það er óhjákvæmilegt að hann hafi gull meðferðis. Hversu mikið fje þetta mundi geta orðið veit jeg ekki, en jeg hjelt að það mundi geta orðið svo mikil upphæð, að hún kæmi að einhverju gagni, og að því væri rjett að samþykkja tillöguna. Eins og menn vita

ganga ekki seðlar vorir annarstaðar, og því er nauðsynlegt að hafa gull á reiðum höndum.

Mjer er ekki kunnugt, hversu mikið gull bankarnir hafa fyrirbyggjandi, og væri æskilegt að fá upplýsingar um það.

**Hannes Hafstein:** Jeg gjöri ráð fyrir að nú sjeu um 1600 þús. til 1800 þús. kr. úti af seðlum Íslandsbanka, og nemur þá sá málmforði, sem bankinn hefir til tryggingar þeim seðlum, um 6--700 þús. kr., þar af í gulli sjálfsagt yfir 450 þúsundum. Og landssjóður hefir nú svo mikið fyrirbyggjandi af seðlum Íslandsbanka, að ef hann heimtaði þá alla innleysta þegar í stað með gulli, eins og þingsályktunartillagan virðist benda til, þá gengi til þess allur gullforði bankans. (Kl. J.: Hann hefir ekki svo mikið). Landssjóður hlýtur að hafa svo mikið alt í alt. En að taka þannig alt gullið frá bankanum, væri sama sem að sprengja bankann. Hvar stæði hann með innlausn allra hinna seðlanna, sem hann yrði að kalla inn og mætti ekki hafa úti, þegar gullforðinn væri farinn? Hann yrði auðvitað þegar að stansa. En slíkt væri stór háski fyrir landið í heild sinni, viðskiftalífið inn á við og lánstraust landsins út á við, og þarf vissulega til alt annara ráða að taka. Jeg skal til vonar og vara taka það fram, að jeg tel óhugsandi, að háttvirtir tillögumenn hafi visvitandi viljað stofna bankanum í voða. En orðalagið hefir óvart orðið þannig í flýtinum, að mjer virðist tillagan ótæk.

**Steingrímur Jónsson:** Jeg vil leyfa mjer að benda háttv. þingmönnum á, að það, sem farið er fram á í þessari tillögu, er að eins að landsstjórnin vixli fje landssjóðs í gull, *svo sem unt er og nauðsyn krefur*. Það verður að leggja aðaláhersluna á þetta orðalag tillögunnar. Landsstjórninni verður að vera það ljóst, að hún má ekki gjöra þessar ráðstafanir nema

nauðsyn krefji. Það verður að vera óhjákvæmileg þörf fyrir hendi. Í tillöggunni segir enn fremur „*svo sem unt er*“. Þar með er sagt, að ekki má fara svo að, að hætta stafi af því fyrir landið, svo sem væri, ef allur gullforði Íslandsbanka væri tekinn.

**Benedikt Sveinsson:** Þegar þetta mál kom til athugunar á flokksfundi sjálfstæðismanna, spurði jeg, hvernig menn hugsuðu sjer að landssjóður borgaði það, sem hann kann að kaupa í útlöndum af nauðsynjum, því að mjer var það alls ekki ljóst, og sýnist það talsverðum annmörkum bundið.

Jeg held að ekki geti komið til mála að senda botnvörpuskip til Englands með gull, eins og háttv. umboðsm. ráðh. (Kl. J.) gjörði ráð fyrir. Það væri ekki vel örugt á ófriðartímum. Þá held jeg og, að vjer getum ekki borið mikið traust til ávisana á banka í Höfn, ef Danmörk lendir í hershöndum. Eins og nú stendur, virðist tvisýnt um verslunarsambönd Íslands við önnur lönd en Vesturheim.

**Eggert Pálsson:** Jeg veit það að tillögumönnum gengur gott eitt til með þeirri þingsályktunartillögu, sem þeir hafa komið fram með. En mjer virðist að hjer hafi verið farið fullgeyst af stað, því að mjer er ekki grunlaust um, að þessar aðfarir þingsins geti vakið óþarfa ótta hjá almenningi.

Ef ekki á að skilja tillöguna öðruvísi en svo, að landsstjórnin skuli gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur, til þess að forða landinu við yfirvofandi hættu, þá get jeg ekki sjeð að nauðsyn hafi verið að kalla þingið saman á þessum tíma dags. Þingið hefir þegar kosið nefnd í þessu skyni og mjer sýnist að það hefði verið nægilegt að sú nefnd og umboðsmaður ráðherra hefðu komið sjer saman um hvað gjöra skyldi, og að stjórnin hefði svo á morgun og í kyrþei gjört þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar hefðu verið, svo sem að

vixla seðlum landssjóðs í gull, eftir því sem bankarnir hjer hefðu viljað og getað látið af hendi. Þvi til þess hefði enga íhlutun þurft frá löggjafarvaldsins hálfu. Það held jeg að hefði verið rjettara en að kalla þingið saman að næturþeli og hleypa svo öllum bænum, og jafnvel öllu landinu, í uppnám og ótta. En úr því að þessi tillaga er komin fram opinberlega, erum við neyddir til að samþykkja hana, því að þingið getur með engu móti staðið sig við að fella hana, þar sem það væri sama og að banna stjórninni að gjöra þær ráðstafanir, sem þar er farið fram á.

**Guðmundur Hannesson:** Jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að tala við nefndarmenn, og vil því spyrja, hvort nefndin hefir kynt sjer nokkuð hversu miklar matarbirgðir við höfum nú í landinu. Annaðhvort skellur Norðurálfrúðurinn yfir eða ekki. Verði engin styrjöld, þá er okkur við engu hætt. Fari nú svo, að til almenns ófriðar dragi, þá mun okkur þó ekki stafa nein hætta af honum, nema hvað verð á vörum getur hækkað að mun. Hjer í Norðurhöfum mundi öllum skipaferðum vera óhætt og póst- og simasamband við umheiminn haldast. Ef til ófriðar kemur, þá held jeg að fari líkt og ef brennur hjer í bæ. Allir snúa huga sínum þangað sem eldurinn er, og enginn hirðir um annað. Ef almennur ófriður verður, þá er ekki ólíklegt að það stríð standi skamma stund, áður en yfir líkur. Sumir fræðimenn í þeirri grein giska á, að úrslit fáiast á 2 mánuðum, miðað við ófriðinn milli Þýskalands og Frakklands.

**Eiríkur Briem:** Jeg vildi leyfa mjer að spyrja, hvernig eigi að skilja það, að stjórninni er boðið að vixla fje landssjóðs í gull; hvort það er meiningin að fá allt það gull hingað til lands, eða geyma það í Englandi. Það er vel hugsanlegt, að sambandinu milli Íslands og Kaupmanna-

hafnar verði slitið, en það er óhugsandi, að sambandinu milli Íslands og Englands verði slitið. Floti Englendinga og sambandsríkja þeirra er svo miklu meiri en floti hinna, að það er ómögulegt annað en að Englendingar geti bæði siglt hingað og yfirleitt um öll höf veraldarinnar. Mjer sýnist því ekki heppilegt að safna gullinu hingað. Mjer virðist að það væri best komið í Englandsbanka, svo að við gætum borgað þær nauðsynjar okkar, sem við kaupum ytra, með ávísun til seljandans á Englandsbanka. Mjer virðist orðalag tillögunnar ekki útiloka þetta, og við að eins beina þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort þetta sje ekki rjett skilið hjá mjer.

**Flutningsmaður (Einar Arnórsson):** Jeg get verið stutturður. Að eins vil jeg taka það fram í sambandi við það, sem háttv. 3. kgk. (Stgr. J.) sagði, að það getur með engu móti gjört skaða þó að tillagan verði samþykkt, því að framkvæmd hennar er undir því komin, hvort stjórnin telur nauðsyn bera til að framkvæma þær ráðstafanir, sem þar er rætt um. Tillagan leggur engar skyldur á stjórnina, þótt hún verði samþykkt. Af orðalagi tillögunnar leiðir það, að ekki getur komið til tals að taka lögboðinn gullforða úr Íslandsbanka samkvæmt henni. Slikt væri að visu ef til vill lögleg stjórnarráðstöfun, ef stórnauðsynjar krefðu, en hún væri ekki heppileg, og harðneskjuleg væri hún. Við ætlum stjórninni að sýna þá gætni, að hún fari ekki að grípa til ráða, er sett gætu bankann á höfuðið og þar með stofnað öllu landinu í háska.

Háttv. 2. þm. Rangæinga (E. P.) sagði, að það hefði verið óþarfi að kalla þingið saman nú þegar á næturþeli. Það getur hver haft sína skoðun um það, en nefndin leit svo á, að enginn hætta mundi stafa af því, þótt við flýttum okkur að koma þessu máli í framkvæmd, en hins vegar

gæti stafað hætta af biðinni. Sami háttv. ræðumaður hjelt því fram, að nefnd sú, sem kosin hefir verið og umboðsmaður ráðherra hefðu getað komið sjer saman um að gjöra þær ráðstafanir í kyrpei, sem hjer er farið fram á. En má jeg spyra: Hvers vegna á ekki að lofa þinginu að taka þær ákvarðanir um málið, sem það getur vel tekið, fyrst svo heppilega stendur á, að það stendur nú yfir? Mjer virðist alveg sjálfsagt, að bera þetta mál undir þingið.

Tillagan er komin fram í því skyni, að útiloka það, að stjórnin geti talist vítavörð, þótt hún valdi landssjóði nokkru rentutapi með því að vixla fje hans í gull.

Háttv. 1. þm. Húnvetninga (G. H.) sagði, að ef engin styrjöld yrði, þá væri engin hætta á ferðum. Þetta er alveg rjett. En það kemur að eins ekki þessu máli við, því að ef engin styrjöld verður, þá kemur ekki til að þær ráðstafanir verði gjörðar, sem hjer er um að ræða. En þá fyrst, er viðtæk styrjöld, sem heftir aðflutninga, hefst, kemur til mála að grípa til þeirra ráða, sem hjer ræðir um.

Viðvikjandi því, hvort nefndinni væri kunnugt um vöruförða hjá kaupmönnum hjer, er því til að svara, að hún hefir ekki haft tækifæri til þess að rannsaka það. En það má búast við að vörubirgðir hjer sjeu nú alllitlar, vegna þess, að aðflutningar eru mestir á vorin og haustin. Vorflutningarnir eru nú um garð gengnir og menn eru farnir að eyða þeim, en haustflutningarnir eru ekki komnir ennþá.

Viðvikjandi því, sem háttv. 2. kgk. (E. B.) sagði, skal jeg geta þess, að nefndinni hefir ekki komið til hugar að binda stjórnina með það, hvar hún geymdi gullforðann.

Jeg get ekki sjeð, að það geti undir nokkrum kringumstæðum verið rangt að samþykkja tillöguna, en það er alls ekki útilokað að maður geti ef til vill bætt eitt-

hvað hag sinn með því, og virðist mjer því sjálfsagt að tillagan verði samþykkt.

Þá er hjer var komið höfðu umræður staðið um 1<sup>1</sup>/<sub>2</sub> klukkustund. Var þá komin fram skrifleg tillaga frá þessum þingmönnum um að hætta umræðum:

Sigurði Stefánssyni,  
Einari Arnórssyni,  
Matthíasi Ólafssyni,  
Stefáni Stefánssyni, 2. þm. Eyf.,  
Benedikt Sveinssyni,  
Magnúsi Pjeturssyni,  
Jósef Björnssyni,  
Birni Kristjánssyni,  
Sigurði Gunnarssyni,  
Þorleifi Jónssyni.

Með því að þá höfðu nokkrir þingmenn beðið um að taka til máls, bar forseti tillöguna undir atkvæði.

ATKVGR.:

Tillagan var feld með 15 : 10 atkv.

Var því umræðum haldið áfram.

**Karl Einarsson:** Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu til háttv. flutningsmanna, hvort þeir vilji ekki laga tillöguna, svo að hún verði aðgengilegri? Hjer er ekki annað gull til í landinu en það, sem er í Íslandsbanka, og eru það um 6—700 þús. kr. Það er nú upplýst, að fyrir skömmu hafði bankinn úti um 1,600 þús. kr. í seðlum. Svo að málmforði hans er ekki meiri en hann þarf að hafa til tryggingar seðlum sínum. Ef nú þetta gull yrði tekið frá bankanum, þá yrði hann að draga inn seðla sína.

Á umræðunum hefir mjer skilist, að hægt mundi að fá gull á þann hátt að bankarnir gæfu landssjóði ávísun á það fje, sem þeir eiga hjá útlendum bönkum, og jeg

held að það væri heppilegt að þetta kæmi beint fram í tillögunni.

Eins og tillagan er nú orðuð, sje jeg ekki annað en landsstjórnin sje neydd til að taka það gull, sem hún getur náð í. En að taka allt gull frá Íslandsbanka, er sama sem að eyðileggja bankann, því að nú eiga menn 3 miljónir inni hjá bankanum í sparissjóðsfje, sem margir mundu vilja fá.

Jeg vil því skjóta því til flutningsmanna hvort þeir vilji ekki laga tillöguna í þá átt, sem hjer er farið fram á.

**Bjarni Jónsson:** Mjer sýnist þessi nefnd eiga þakkir skildar fyrir það, hve fljótt hún hefir komið með tillögur sínar. Jeg vil reyndar vona, eins og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), að vel rætist úr þessu og ekkert verði af ófriði, en það er of seint að hertygjast þegar á hólminn er komið. Það hefir nefndin sjeð og því hefir hún brugðið svo skjótt við. — Mjer sýndist í fyrstu, eins og háttv. þm. Vestm. (K. E.), till. vera ákveðnara orðuð, svo sem bein skipun eða áskorun til stjórnarinnar um að vixla öllu handbæru fje landssjóðs í gull, en við umræðurnar sá jeg að með þessu orðalagi: „svo sem unt er og nauðsyn krefur“, eru stjórninni gefnar lausar hendur. Með þessu orðalagi er tillagan meinlaus, og tel jeg óhætt að samþykkja hana. Hið eina hættulega við málið er það að tillagan kom fram. Hið nægði, að segja við stjórnina: „Þetta skaltu gjöra“. En úr því hún er komin fram, þá er rjettast að samþykkja hana, því að verði nú tillagan feld, má skoða það svo sem þingið vilji ekki að stjórnin gjöri neitt í þessu máli. — Úr þessari hræðslu hjer á Íslandi, út af því að þingið sest á rökstóla svo seint á degi, gjöri jeg ekki mikið. En það er ekki gott að treysta því, að ófriður standi ekki nema 2 mánuði. Jeg trúi ekki á það og hygg að seigla Englendinga, Frakka, Þjóðverja og Rússa

og fleiri þjóða sje meiri en svo, að hún endist ekki nema 2—3 mánuði. Jeg gæti fult eins vel imyndað mjer, að það liðu 2—3 ár áður en dautt yrði í kolunum. Mjer finst sjálfsgagt að gjöra allt, sem gjört verður skynsamlega, til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað getur af yfirvofandi ófriði, og jeg tel skynsamlegt að samþykkja þessa tillögu.

**Pjetur Jónsson:** Mjer datt að eins í hug, hvort ekki mætti koma með breytingartillögu vegna þess að orðalag tillögunnar er dálítið stífara en ætlast er til að hún sje skilin. Hún er svo orðuð: „Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að *víxla öllu* handbæru fje landssjóðs í gull, svo sem *unt* er og *nauðsyn krefur*“, o.s. frv. Væri þetta orðað svo: „Alþingi ályktar, að heimila landsstjórninni að *víxla* handbæru fje landssjóðs í gull, svo sem *unt* er og *nauðsyn krefur*“, o. s. frv., þá er stjórninni ekki skipað að gjöra þetta, og þannig kæmi tillagan líka betur heim við það, hvernig umræðurnar hafa fallið. Það sem jeg vil með þessari breytingartillögu, er að heimila stjórninni að *víxla* fjenu, en ekki skipa henni það, og þar af leiðandi þyrfti líka að breyta fyrirsögninni.

Mjer finst tillagan þannig orðuð koma heim við það sem háttv. flutningsmaður (E. A.) talaði um, að væri eini tilgangurinn, sá, að bera landsstjórnina undan vitum eftir á, ef hún gjörði eitthvað í þessa átt.

**Hannes Hafstein:** Jeg vil að eins leyfa mjer að koma fram með þá tillögu, og skora fastlega á alla háttv. þingmenn að láta það eftir, að þessu litt hugsaða máli verði *ekki* ráðið til lykta nú í kveld. Ein af ástæðunum til þess er sú, að þessi bráða fundarsamköllun í sameinuði þingi að næturlagi hefir vakið ugg og ótta í bænum, sem ef til vill getur orðið háskalegur fyrir bankana, þar sem hann getur

orðið því valdandi, að menn þyrpist að þeim þegar á morgun til að rífa út inneignir sínar. Jeg er innilega sannfærður um að þingið gjörir allt hið sama gagu, sem það getur gjört í þessu efni, þó að mál þetta sje látið biða til morguns.

**Björn Kristjánsson:** Út af því sem háttv. þingmaður Vestm. (K. E.) og fleiri háttv. þingmenn hafa sagt um það, að tillögunna mætti skilja svo, að stjórnin ætti að heimta gull af Íslandsbanka, skal jeg taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að það hefir engum í nefndinni dottið í hug, að sú leið yrði farin, heldur að landsstjórnin útvegaði með hjálp bankanna gull frá útlöndum. Það hefir engum dottið í hug að skipa landsstjórninni að fara niður í Íslandsbanka og eyðileggja hann með því að heimta gullið af honum. En nefndinni var það kunnugt, að Íslandsbanki á inni fje í útlöndum, og fyrir þá inneign mætti kann ske fá fje í svipinn. Það var það, sem vakti fyrir nefndinni og aunað ekki.

Nú var fram komin tillaga frá 1. þm. Eyfirðinga (H. H.) og nokkrum öðrum þingmönnum um að fresta umræðunum til morguns.

Forseti bar því næst þessa tillögu undir atkvæði.

**ATKVGR.:**

Tillagan var samþykkt með öllum atkv. móti einu.

Umræðum frestað.

Frh. einnar umr. á 4. fundi sameinaðs þings, föstudaginn 31. júlí, kl. 9 árdegis (A. 291, 292, 293, 296).

Fjarverandi voru þeir Júlíus Havsteen og Karl Finnbogason.

En mættur var ráðherra Sigurður

*Eggerz*, er hafði nóttina áður komið úr utanför sinni á konungs fund.

**Flutningsmaður (Einar Arnórsson):** Við þessa þingsályktunartillögu, eins og hún var rædd í gær, hafa komið fram brtt. á þgskj. 292, 293 og 296.

Brtt. á þgskj. 293 er frá flutningsmönnum, og er hún að sumu leyti að eins orðabreyting, en að nokkru leyti efnisbreyting, þar sem því er bætt við, að gullið skuli annaðhvort geyma hjer á landi eða í Englandsbanka. Þessu var bætt við fyrir bendingu eins háttv. þingmanns, sem þótti vissara að taka það fram, að gullið þyrfti ekki endilega að geymast hjer á landi. Jafnvel þótt nefndin liti svo á, að stjórninni væri heimilt að geyma gullið erlendis, þó að ekkert væri um það sagt í tillöggunni, þá fanst henni engin ástæða til að hafa á móti því, að það stæði þar.

Brtt. á þingskjali 292 er frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og er hún að mestu leyti samhljóða tillögu okkar. Vil jeg þess vegna skjóta því til hans, hvort ekki mundi rjettast að hann tæki hana aftur.

Þá er brtt. hv. þingmanns Vestm. (K. E.) á þingskjali 296. Hún fer í rauninni ekki fram á neina verulega efnisbreytingu. Jeg kann þó ekki allskostar við orðalagið, þar sem sagt er að landsþjóður *skuli* skifta handbæru fje sínu og bankanna, eða því fje, sem bankarnir kunna að geta útvegað í útlöndum, og koma því síðan til geymslu í Englandsbanka. Mjer finst þetta orðalag ekki allskostar geta staðist. Landsstjórnin hefir ekki heimild til að skipa bönkunum að gjöra neitt í þessu efni. Eftir tillöggunni, eins og hún var í gær, hafði landsstjórnin frjálsar hendur að fara eins að og henni sýndist tiltækilegast. Svona hluti verða menn að gjöra í traustitil þess, að stjórnin gjöri sæmilega tryggilegar og heppilegar ráðstafanir. Jeg býst ekki við að háttv. þm. Vestm. (K. E.) hafi komið fram með þessa breytingartillögu sína af

því, að hann hafi búist við, að stjórnin gripi til neinna örþrifaráða gegn bönkunum hjer, heldur miklu fremur til þess að það sæist skýrt, að þingið ætlaðist ekki til þess. En þá er orðalagið ekki sem heppilegast, enda engin ástæða til að vantroysta stjórninni að ráða fram úr þessu á skynsamlegan hátt.

**Karl Einarsson:** Jeg kom fram með þessa breytingartillögu mína, eins og háttv. 2. þingmaður Árn. (E. A.) tók fram, til þess að það kæmi skýrt fram, að þingið ætlaðist ekki til, eða teldi það ekki nauðsynlegt, að landsstjórnin legði undir sig allan málmforða, sem hjer er í landinu, eða með öðrum orðum, jeg vildi að það sæist skýrt, að það væri ekki tilgangurinn eða eiginlegi tilgangurinn. Raunar var jeg ekki hræddur um að stjórnin mundi finna upp á því, að skilja tillöguna svo, heldur þóttist jeg viss um, að fólk mundi verða alment hrætt um að þetta yrði gjört. Hvað því viðvikur, ef tillagan er orðuð eins og jeg hefi stungið upp á, þá meg stjórnin ekki útvega gull á annan hátt en þar er tekið fram, þá finst mjer það ekki ná nokkurri átt. Meðal annars má benda á, að svo gæti farið, að stjórninni væri ekki einungis heimilt, heldur jafnvel *skyllt*, að útvega allan þann gullforða, sem hún gæti komist yfir, ekki síður í bönkunum hjer heldur en annarstaðar. Það er ekki hægt að setja neitt bann fyrir stjórnina, hvernig hún megí ekki haga sjer í þessu máli. Tillagan getur ekki verið annað en leiðbeining fyrir hana, en þá tel jeg rjett að það komi skýrt fram, að þingið álití ekki þörf á því nú, að hún dragi undir sig alt gull, sem til er í landinu. En það vil jeg taka fram, að svo getur staðið á, að stjórninni sje það ekki að eins heimilt, heldur skylt. Getur hún sjálf gefið út lög, sem heimila það. Jeg vona að til þess þurfi ekki að koma, en allur er varinn góður. Og jeg álit tillöguna varlegar orðaða,

ef hún verður orðuð á þann hátt, sem jeg hefi stungið upp á.

**Pjetur Jónsson:** Sú breytingartillaga, sem er kend við mig og er á þingskjali 292, er að mestu leyti samhljóða breytingartillögu nefndarinnar á þingskjali 293. Þó er mismunur í 1. liðnum, þar sem farið er fram á að breyta fyrirsögninni eftir innihaldi tillögunnar. Býst jeg við að það verði samþykkt án atkvæðagreiðslu, ef brtt. nefndarinnar á þingskjali 293 verður samþykkt. Að öðru leyti munar ekki öðru en því, að jeg hefi stungið upp á að orðið „koma“ komi í staðinn fyrir orðið „vixla“. Vildi jeg að það kæmi til atkvæða, en að öðru leyti get jeg tekið mína brtt. aftur.

ATKVGR.:

Brtt. 296 við brtt. 293 samþykkt með 20 : 17 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

<i>já:</i>	<i>nei:</i>
Bjarni Jónsson,	Einar Arnórsson,
Björn Hallsson,	Sigurður Stefánsson,
Eggert Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Guðm. Björnsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Eiríkur Briem,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Jón Magnússon,	Hákon Kristóferss.,
Jósef Björnsson,	Magnús Pjetursson,
Karl Einarsson,	Matthias Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Steingr. Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Sveinn Björnsson,
Stefán Stefánss. Eyf.,	Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Benediktss.	

Pjetur Jónsson og Sigurður Eggerz greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum. Tveir þingmenn fjarstaddir.

Brtt. 292, 1. tekin aftur.

— 292, 2. samþ. í einu hljóði.

Brtt. 292, 3. tekin aftur.

— 293 með áorðnum breytingum samþ. í einu hljóði, og tillaga 291 þar með fallin.

Tillagan afgreidd til ráðherra sem  
*ályktun sameinaðs Alþingis.*  
(Sjá A. 299.)

## 2. Fáninn.

Á 39. fundi í Nd., mánudaginn 10. ágúst, og á 36. fundi í Ed., sama dag, hafði verið útbytt (í sameiginlegu álití fánanefndar Nd. og fánanefndar Ed.) til meðferðar í sameinuðu þingi

*tillögu til þingsályktunar um gerð íslenska fánans.*

Á 7. fundi sameinaðs þings, þriðjudag-11. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli (A. 440).

Forseti lagði til að hafa eina umræðu um tillöguna, og var það samþykkt í einu hljóði.

Útbytt var á fundinum:

Brtt. á þgskj. 441 við tillögu til þingsályktunar á þgskj. 440 frá

Guðmundi Hannessyni,  
Sigurði Gunnarssyni,  
Sigurði Stefánssyni,  
Pjetri Jónssyni.

Ein umr. á 8. fundi sameinaðs þings, miðvikudaginn 12. ágúst (A. 440, 441).

Áður en umræður hófust um þetta mál, hafði forseta verið afhent svolátandi skjal:

Undirritaðir æskja þess, að umræður um málið nr. 2. á dagskránni (þ: tillaga til þingsályktunar um gerð ísl. fánans) fari fram fyrir lokuðum dyrum.

Einar Arnórsson,  
Steingrimur Jónsson,  
H. J. Kristófersson,  
Pjetur Jónsson,



Guðm. Björnsson,  
Hannes Hafstein,  
Jón Magnússon,  
Björn Hallsson,  
Jóhann Eyjólfsson.

Forseti las skjalið upp. Guðmundur Hannesson óskaði þess, að tillaga þessi væri rædd. Forseti leyfði stutta umræðu.

**Guðmundur Hannesson:** Jeg verð fyrir mitt leyti að mótmæla því alvarlega, að fundur þessi sje haldinn fyrir lokuðum dyrum. Áheyrendurnir hafa flykst að, og er leitt að vísa þeim öllum frá. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að hjer þurfi neitt fram að fara, sem dylja þurfi almenning. Að lokum þykir mjer vænt um að hafa votta og áheyrendur að því, sem fram fer, því svo mikill hiti er nú í sumum mönnum út af máli þessu, að sist spillir, þó áheyrendur sjeu og tillit tekið til þeirra.

Fleiri beiddu sjer ekki hljóðs, og bar forseti þessa ósk undir atkvæði.

ATKVGR.:

Felt að hafa umræður fyrir lokuðum dyrum með 19 : 16 atkvæðum.

Stíðan hófust umræður.

**Framsögumaður (Karl Finnbogason):**

Þetta mál er stórt, en jeg skal hafa stutta framsögu.

Það er ógæfulegt, hvernig oss fer, Íslendingum, í þessu máli. Það hefir orðið að sundrungarefni, sem þó sist ætti að vera það. Aðrar þjóðir hafa fána til að sameinast um og fylgja óskiftar. Við höfum lítið annað af íslenskum fána að segja en það, að hann hefir orðið okkur að sundrungarefni, flæmt okkur í flokka.

Svona hefir það gengið hingað til, og er ilt til frásagnar. En hverja sögu verður að segja eins og hún gengur og kannast við það, sem er. Og saga þessa máls

er sú, að deila hefir orðið um *öll atriði* þess eða flest, og hún ekki litil.

Nú mun þó svo komið, að menn greinir litt á um aðalatriði málsins. En aðalatriðið tel jeg það, hvort oss er *þörf á* fána, hvort vjer höfum *riett* til hans, hvort vjer *getum* fengið hann, og hvort vjer *viljum* fá hann. Um þetta hefi jeg ekki orðið var við ágreining á þessu þingi. Enda munu menn sammála um þessi aðalatriði. Ágreiningurinn er nú að eins um minni háttar atriðin — aukatriðin. Enda lifir jafnan lengst ágreiningur um hin smærri atriði.

Samvinnunefndin — ef svo mætti nefna nefndir þær, er báðar deildir skipuðu í þetta mál, — skildi svo hlutverk sitt og þingsins í málinu, að það væri fyrst og fremst að taka ákvörðun um það, *hvort nota skyldi konungsúrskurðinn* um íslenska fánann frá 22. nóv. 1913, og í öðru lagi *að ákveða gerðina*.

Um fyrra atriðið voru nefndarmenn sammála, vildu nota konungsúrskurðinn, álitu með því nokkuð unnið, en engu tapað. En þegar til gerðarinnar kom, skildu leiðirnar. Þar vildi sinn hvað og hver sitt. Nefndarálitið á naumast skilið að nefnast *á/it*. Það er miklu frekar *saga*, saga þeirrar sundrungar, sem var um gerðina í nefndinni. Og þessi sundrungarsaga er undirskrifuð með *fyrirvara* af flestum. Það sýnir, að sundrungin var enn meiri en fram kemur í nefndarálitinu. Enda sannar það breytingartillagan, sem frömi er komin, við þá aðaltillögu, sem nefndin loksins hvarf að, að koma fram með.

Um þrjár fánagerðir var rætt í nefndinni. Og fleiri gerðum veit jeg ekki til að haldið hafi verið fram á þinginu. Gerðirnar eru öllum þm. kunnar. Þær eru:

1. Gerðin sem notuð hefir verið.
2. Sama gerð með hvitri stjörnu fimmblaðaðri í efri stangarreit.
3. Sama gerð með rauðum krossi innan í hvíta krossinum, eða tillaga fána-

nefndarinnar, er skipuð var 30. desember 1913.

Með öllum þessum gerðum mælir nokkuð, en móti líka nokkuð.

Um elstu gerðina er það að segja, að hún hefir óneitanlega mest fylgi, og var nefndin sammála um það.

Sannanir fyrir því, að þessi gerð hafi mest fylgi, eru þessar meðal annars:

Í fyrsta lagi liggur það í hlutarins eðli, að sú gerð, sem menn hafa notað í nokkur ár, sje orðin kærari mörgum en óþekt gerð og ónotuð.

Í öðru lagi hefir gerðin verið samþykkt hjer á þingi hvað eftir annað.

Í þriðja lagi sína áskoranir þingmálafunda og fjelaga bæði fyr og síðar, að gerðin hefir fylgi. Og í fjórða lagi má benda á skýrslu fánanefndarinnar, sem ótvíræða sönnun þess, að þessi gerð er öðrum gerðum kærari þjóðinni. Heil fjelög senda áskoranir um að hafa hana. Allar aðrar uppástungur um gerðina eru frá einstökum mönnum og sárfáir með þá sömu.

Móti þessari gerð mælir:

Í fyrsta lagi það, að mótstaða hefir verið gegn henni frá upphafi af hálfu einstakra manna, og jafnvel flokka, og sú mótstaða er sterk enn. Ýmsir verða því óánægðir, ef hún verður ofan á.

Í öðru lagi eru bornar miklar briggður á það, að konungur vilji samþykkja hana. Og í þriðja lagi er hún af ýmsum tælin óhentug. Verður ekki neitað að nokkur rök sjeu til þess, þó ekki sjeu þau mjög mikilvæg.

Þá er *stjörnufáninn*.

Þeim, sem fastast hjeldu fram gömlu gerðinni, kom saman um, að best væri að breyta henni sem allra minst, ef nauðsyn yrði að breyta. Það mundu vinir gamla fánans sætta sig best við, og óvinir hans mættu við það una, þegar hann væri úr sögunni sjálfur hvort sem væri.

Með stjörnufánanum mælir þá þetta, sem jeg nú hefi nefnt, fyrst og fremst.

*Hann virðist líklegastur til samkomulags.* Gegn honum hefir enginn andróður verið hafinn. Og þjóðin hefir enga sjerstaka ástæðu til að taka honum með óvild, þar sem hann er nýr með öllu. Auk þessa er stjarnan skýrt og fagurt einkenni, svo ekki getur komið til mála að halda því fram, að þessi fáni yrði of likur fána annara þjóða eða torkennilegur, eins og sagt hefir verið um gamla fánann.

Enn fremur má benda á það, að ljett verk er að breyta honum, ef þess yrði einhvern tíma kostur, mjög ljett að nema stjörnuna burtu, ef menn halda trygð við gamla fánann. Enda líka auðgjört fyrir þá, sem eiga gamla fánann nú, að bæta í hann stjörnunn.

Með þriðju gerðinni — rauða krossinum — mælir það, að hún er glögg og all auðkennileg; ýmsum þykir hún fegri en báðar hinar, og nokkrir leggja allmiklið kapp á að koma henni fram. En það sem mestu skiftir er, að þessi gerð á vist samþykki konungs.

Móti mælir hitt, að hjer er um að ræða gagngjörða breytingu á gamla fánanum, og ákveðinn andróður er þegar hafinn gegn gerðinni. Hún er því ekki líkleg til sætta nje samkomulags, heldur þvert á móti.

Þessi er í fáum orðum aðstaða þessara þriggja gerða.

Hvernig á þingið þá að fara að því, að vinna málinu, eins og því nú er komið, sem mest gagn?

Best væri að koma sjer einhuga saman um eina gerð, en það litur út fyrir, að engum hafi komið til hugar að þetta væri mögulegt. Þvi hefir alls enginn hreift. Rökin til þessa hygg jeg liggi í því, að menn skiftast í tvo ákveðna flokka *um litina* á fánanum. Sumir vilja hafa þá *tvo*, en aðrir *þrjá*, og hvorugir slá undan fyr en teft er til þrauta.

Nú er það skylda vor að taka málið, eins og það liggur fyrir, og gjöra alt sem í voru valdi stendur, til þess að leiða það

vel til lykta. En til þess, að svo megi verða, verðum vjer að taka alt það tillit, sem auðið er, til *allra*, sem hult eiga að máli.

Næst því besta, tillögu þingsins um *eina* gerð að eins, er tillaga um *tvær* gerðir.

Það voru þeir, sem vildu rauða krossinn fúsir á að aðhyllast. Og það jafnvel hvort sem gamli fáninn eða stjörnufáninn væri önnur tillagan.

En þetta vildum við ekki hinir. Okkur virðist augljóst, að tilgangslaust sje að senda gamla fánann einan með rauða krossinum.

Því, sje það satt, sem sagt hefir verið, að konungur hafi *neitað* að samþykkja gamla fánann, en *lofað* að samþykkja rauða krossinn, þá er augljóst, hvernig fara muni, ef þeir fánar verða sendir honum einir. Eða hver getur búist við því, að konungur samþykki það, sem hann hefir *neitað*, en *neiti* að samþykkja það, sem hann hefir *lofað*, ef um það tvent er að velja og ekkert annað? Örðugt er að sjá ástæðu til þessa. Og væri vafalaust rjettara og hreinlegra að senda rauða krossinn einan.

Að senda stjörnufánann einan með rauða krossinum, gat komið til mála, og væri ekki ósigurvænlegt fyrir hann (stjörnufánann). En bæði vegna þess, að brigður eru bornar á það, að konungur sje alveg ófáanlegur til að samþykkja gamla fánann — þó jeg fyrir mitt leyti sje vondaufur um, að hann gjöri það hjer eftir — og líka vegna hins, að stjörnufáninn er honum ekki jafngóður, þó betri sje en rauði krossinn, að okkar dómi, þá viljum við ekki útiloka gamla fánann með öllu, en teljum skyldu vora að gjöra síðustu tilraun til að fá hann, fella hann ekki nje flýja undan honum, fyr en barist er til þrautar.

Við leggjum til, að konungur fái að velja um allar gerðirnar þrjár.

Það er síðasta tilraun til að fá gamla fánann löggildan. Það er *eina* leiðin til að gefa *öllum* þingmönnum kost á að greiða atkvæði með þeirri gerð, er þeir kjósa helst eða næst helst. Og mikið væri með því unnið til samkomulags og friðar um þá gerð, er ofan á yrði, að allir þingmenn greiddu þeirri tillögu atkvæði, er send yrði konungi. Það er í þriðja lagi trygging fyrir því, að við fáum einhverja gerðina löggilda, þar sem einni er lofað af konungi. Og það er í fjórða lagi samkvæmt ósk og vilja ráðherra þess, er á að flytja málið fyrir konungi.

Tillagan stefnir því að því, að gjöra svo sem verða má að vilja *þjóðar*, *þingmanna*, *ráðherra* og *konungs*. Og lengra verður varla seilst til samkomulags.

Verði hún samþykkt — helst í einu hljóði — þá eru mestar líkur til að minst óánægja leiði af úrslitunum, hver sem þau verða.

Og það á að vera markmið þingsins í þessu máli. Það á að reyna að útvega þjóðinni fána, sem hún geti hafði með almennri ánægju — eða sem ministri óánægju — strax þegar hann er fenginn.

Jeg vil því að lokum mælast til þess, að háttvirtir flutningsmenn tillögunnar á þingskjali 441 taki hana aftur. Þá ættum við þó einu sinni kost á að greiða *allir* atkvæði *einni* tillögu. Með því ynni þingið mest gagn þessu máli, því það gengi á undan með góðu eftirdæmi í því að sameina þjóðina um þann fána, er hún fær, og á að bera og berjast undir á komandi árum.

**Bjarni Jónsson:** Jeg skrifaði undir nefndarálitíði í fánamálinu með fyrirvara. Fyrirvarinn var sá, að þegar þingið gjörir nú tillögur um þennan fána, og gengur með því móti að konungsúrskurðinum 22. nóv. 1913, þá sje það gjört með þeim hug og þeim skilningi, sem jeg lýsi nú yfir

fyrir mína hönd og allra þeirra, sem mótmæla ekki:

Þótt Alþingi gjöri nú tillögur um gerð á íslenskum fána samkvæmt konungsráskurði 22. nóv. 1913 og sýni með því, að það láti óátalið, þótt framkvæmd verði á þeim konungsráskurði, þá þykir því þó eigi með honum fullnægt rjettum kröfum Íslendinga til farfána. Það tekur við þeim hluta rjettar síns, sem látinn er af hendi og leyfður í konungsráskurði þessum, en geymir landinu fullan rjett til þess að fá farfána (kaupfána), er sje þjóðernismerki íslenskra skipa í öllum heimsins höfum og höfnum.

Þá vil jeg og leggja áherslu á það, að Alþingi hlýtur að hafa stjórnskipulegan rjett til þess að setja lög um fána Íslands, því að öll lög þar um eru sett af Alþingi og konungi, eða, sem nú, af ráðherra Íslands og konungi.

Þessi var minn fyrirvari, og mega þeir nú mótmæla honum sem vilja.

**Skúli Thoróðsen:** Jeg er einn hinna mörgu, sem undir nefndarálitið hafa skrifað „með fyrirvara“.

Ástæðan er sú, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að það var skoðun mín, sem og háttv. þm. Dalam. (B. J.), að rjettast hefði verið, að þingið hefði óskað þess, að konungsráskurðurinn frá 22. nóv. 1913 væri ekki látinn koma til framkvæmda að svo stöddu.

Þingið 1912 — eða þó öllu heldur efri deild þess — óskaði þess, sem og kunnugt er, að fyrir næsta Alþingi yrði lagt frv. um fullkominn verslunar- og siglingafána. En í stað þess, að sinna tjeðri ósk efri deildar, var gefinn út konungsráskurðurinn frá 22. nóv. 1913, þar sem Íslandi er að visu veittur *sjerstakur fáni*, en í sömu andráníni, sem hann er viðurkendur, sem fáni Íslands, þá er hann óvirtur á þann hátt, að hann má ekki sjást utan landhelginnar, og að danski fáninn er æ löggildur

jafnhliða honum, og hann, þ. e. „Dannebrog“, þarf ekki að dragast niður, þótt út fyrir landhelgina komi.

Auk þess, er þegar hefir getið verið, þá er það og — í konungsráskurðinum frá 22. nóv. 1913 — skýrt tekið fram, að því er til stjórnarráðshússins kemur, að þar skuli danski fáninn æ og einatt blakta jafnhliða íslenska fánanum, og á ekki óveglegri stað en hann.

Það verður því ekki annað sagt en að hjer sje *hálf-leiðinlega* á stað farið, og að betra hefði því verið, að alt hefði gengið, eins og að undanfögnu, þ. e. þeir notað íslenska fánann, sem það vildu, en hinir látið það ógjört.

Það, að danski fáninu er löggiltur fáni hjer á landi, jafnhliða íslenska fánanum, kemur sjer og eigi hvað sist illa, þegar litið er á það, að *verslunarstjett vor er yfirleitt enn ekki svo íslensk í anda, eins og sjálfsagt ella má vænta, að hún verði. er timar liða*, svo að danski fáninn verður því í framkvæmdinni eigi að eins *rjettþærri*, er út fyrir landhelgis-takmörkin er kominn, heldur má og ófafað vænta þess, að hann verði *eigi óvifa* hjer á landi. og innan landhelginnar, jafn vel fremur notaður en íslenski fáninn, — þyki eitthvað veglegri (!) og mennirnir þá meiri (!).

Mjer hefði og þótt það *æskilegra*, að konungsráskurðurinn hefði ekki komið til framkvæmda, þegar á það er litið, að *hætt er við, að hann dragi úr áhuga manna, að því er til þess kemur, að fá fullkominn siglinga- og verslunarfána*, — gjöri það og að verkum, að mótspyrnan, þ. e. frá dönsku hliðinni, verði nú og enn sterkari gegn honum en ella.

En að vjer höfum bæði *siðferðilegan* og *lagalegan* rjett, til að fá *fullkominn verslunar- og siglingafána*, verður eigi vefengt. — Það hafa Danir sjálfir viðurkent, með ákvæðum stöðulaganna, eins

og jeg hefi rækilega sýnt fram á, á fyrri þingum, — sbr. þá og þingsályktunartillögu mína, um *sambandsmálið*, á þinginu, sem nú stendur yfir —, og árið 1908, í millilandanefndinni, vildu Danir og jafnvel ganga svo langt, að láta oss fá *fullkominn siglinga- og verslunarfána*, að fáum árum liðnum. —

En í nefndinni stóðum við tveir *einir* uppi, er skoðun þessari fylgdum fram, þ. e. jeg, og háttv. þm. Dalam. (B. J.), — allir hinir mjög einhuga á því, að þiggja það *ofur* þakksamlega, sem nú er í boði, og ekki til neins, að nefna fullkominn siglinga- og verslunarfána.

I augum samnefndamanna okkar, var það, sem dýrindis *happ*, að hafa fengið þennan konungsúrskurð, og *kvíðinn* því eigi litill, að *konungur kynni að kippa ella að sjer hendinni*, og láta oss verða af *hnossinu*, ef úrskurðurinn væri eigi þeginn. —

Þeir grátbændu okkur því — sumir samnefndarmennirnir —, mig og háttv. þm. Dalam. (B. J.), að gjöra það fyrir sig, að koma *ekki* með þingsályktunartillögu þess efnis, að þingið geymdi sjer æ óskertan rjett sinn, — teldi oss hafa rjettinn til *fullkomins siglinga- og verslunarfána* engu að síður, þótt konungsúrskurðinum væri eigi hafnað. —

Þingsályktunartillagan, er hjer að lýtur, var fullsamin af mjer, en af því að við erum *góðsamir* menn, og farinn var að okkur *bónarvegurinn*, þá ljetum við loks tilleiðast, og hættum þá og við það, að bera hana fram, — vildum og síður, að hún yrði feld hjer í deildinni.

En þrátt fyrir það, þó að jeg sje þessa sinnis, get jeg þó auðvitað vel látið skoðun mína í ljósi, að því er það snertir, hvaða fána-gerð jeg helst vildi hafa, og er þá fljótt yfir sögu að fara. Bláhvítu fánann gamla hefði jeg þá helst kosið, — *ekki* reyndar af því, að mjer þyki hann neitt sjerlega fallegur, heldur af hinu, að það hygg jeg þjóðinni næst skapi. —

Á hinn bóginn býst jeg nú varla við því, að það verði ofan á, að bláhvítu fáninn fáist, en að honum frágengnum, vona jeg, að ráðherrann beri þá fram stjörnufánann til sigurs. — Hann er og „bláus“ — þ. e. blá-hvítu fáninn — í enn fegurri mynd.

Hvað mig snertir, hefði jeg annars helst kosið, að í efri stangarreit blá-hvítu fánans, hefði og — til fegurðar — verið höfð mynd af *gjósandi eldfjalli* á grænni rót, og tæki síðan við hraunlitur, en þá is- og snæliturinn, en síðan *sí-eldloga súlan*. —

Þetta ætti þá að tákna það, að Ísland — sbr. og græna litinn — *væri land vorgróðurs og vona, og þótt landið væri hrjóstrugt, og iskalt, þá byggi þó fjörið og eldurinn sí og æ í brjóstum landsins barna*, — ætti þá og að bera þann *sí-boðskapinn til þjóðanna, að eins og eldurinn æ er hið hreinsandi og eyðandi aflið, svo ætti og æ ríki tilfinninganna* — þ. e. *sí-tilfinningin þess, að hið illa, ranga, á eigi að þolast, — sí og æ, og hvívetna, að sópa burt öllu hinu óhreina, illa og rotna, sem enn er á jörðinni*. —

En slíkri breytingu varð nú *eigi* fram komið í nefndinni, og mun jeg því, er til kemur, greiða tillögunni um þrjár fána-gerðirnar atkvæði, í von um, að blá-hvítu fáninn, eða þó stjörnufáninn, fáist þá fremur en ef að eins væri um blá-hvítu, og þrilitu, fánann að velja. —

Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til þess, að fara frekari orðum um málið, en vænti þess að sá timi komi — þótt illa sje af stað farið — er fáni Íslands ber nafn Íslands, og íslensku þjóðarinnar, æ víðar, og víðar um veraldar-höfin.

**Ráðherra (S. E.):** Jeg vildi gjarnan leggja nokkur friðarorð inn í þetta mál. Mjer virðist það myndi miklu skipta að því yrði ráðið svo til lykta, að sem flestir mættu vel við una. Að nokkrar líkur myndu

vera til þessa, virðist mér að ráða meg af því, hvað margir hafa lýst yfir því, að þeir myndu ekki láta sig öllu skifta gerð eða lit fánans, láta hitt sitja í fyrirrúmi að fánamálið sjálft næði fram að ganga. Nú þykist jeg viss um, að sú leið í þessu máli, sem meiri hluti nefndariunnar leggur til, myndi horfa friðsamlegast við. Sú leið að Alþingi gjöri tillögur um 3 gerðir, bláhvíta fánann, bláhvíta fánann með stjörnuuna og þrilita fánann. Með þessu móti er trygt að fánamálið nái fram að ganga, því ein tillagan á, eftir því sem frá hefir verið skýrt, fyrir fram vist samþykki. Þeir sem fylgja þessari gerð eða þrilita fánanum, eiga því vissastan leik á borðinu. Til samkomulags ættu þeir því að una því að tillögur um bláhvíta fánann og bláhvíta fánann með stjörnu yrðu teknar með. —

Að því er bláfánann með stjörnu snertir, þá er jeg viss um að þeir, sem fest hafa trygð við bláhvíta fánann hreinan, munu einnig unna stjörnufánanum. Því fremur virðist ástæða til að taka síðastnefnda gerð með, sem enginn vafi leikur á að þjóðinni er bláhvíti liturinn kærastur. Og því verður ekki neitað, að það er ekki lítið atriði í þessu máli, að hugur þjóðarinnar vefji sig um þann fána, sem valinn verður. En jeg get ekki neitað því, að jeg ber kvíðboga fyrir því, þó jeg óski þess eigi, að samúð þjóðarinnar með þrilita fánanum verði ekki eins mikil, ef ekki er áður þáurreynt um það, að bláhvíti liturinn fáið eigi.

Það eru tilmæli mín, að Alþingi taki þá leið í þessu máli, sem líklegust er til að stýra mestum höppum, þá leið, að leggja til þrjár gerðir, því á þeirri leið mætist þó nokkuð af óskum allra.

**Guðmundur Hannesson:** Eins og háttv. þing sjer, er tillagan á þgskj. 440 um gerð hins íslenska fána að eins undirrituð af sex mönnum, rjettum helming nefndarmanna í samvinnunefndinni, og

hafa þó tveir þeirra ritað undir með fyrirvara.

Hinn helmingur nefndariunnar, eða öllu heldur fimm menn, því að háttv. 6. kgk. (G. B.) lagði ekkert til, gátu ekki felt sig við þessa tillögu. Vjer sömdum því till. á þgskj. 441.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að þótt vjer álitum tillögu vora að miklum mun betri en till. á þgskj. 440, þá er það ekki tilætlun vor að verja hana af kappi. Mér er að eins falið að skýra, hvað fyrir oss vakti, sem tillöguna flytjum. Ef hún verður feld, munum vjer greiða hinni tillögunni atkvæði, þó ekki falli hún oss í geð.

Í konungsúrskurðinum frá 22. nóv. 1913 er gjört ráð fyrir því, að ráðherra kynni sjer óskir manna á Íslandi um gerð fánans. Stjórnin hefir framkvæmt þetta á þann hátt, að nefnd býr málið undir þing og svo á þingið að ákveða gerðina. Til þess erum vjer hjer komnir á fund í sam-einuðu þingi.

Þingnefndunum hafa alls komið til hugar þrjár gerðir, sem um var að tala, bláhvíti krossfáninn, stjörnufáninn og þriliti fáninn.

Tillagan á þingskjali 440 fer fram á að þingið *sleppi því að velja á milli þessara gerða og biðji konung að taka af sjer ómakið*. Vjer teljum það ekki tilhlýðilegt, að auglýsa þannig sundurlyndi þingsins og viljaleyssi. Vjer viljum að *þingið velji sjálfst* og segi til með hverri gerð það vill mæla.

Tillaga vor *mælir með* þrilitu gerðinni. Vjer teljum þá breytingu fegursta og hentugasta af þeim sem vjer höfum sjeð.

Nú er það eigi að síður vort álit, að flestum Íslendingum væri það kærkomnast, að gamli bláhvíti fáninn hjeldist óbreyttur og yrði samþykktur af konungi. Kjósundur víða um land hafa látið þá ósk sína í ljósi.

Vjer höfum viljað taka tillit til þessa, og skýrum konungi frá *áliti* voru um almenn-

ings viljann á þann hátt, að þessari fánagerð sjeu gefnar sem bestar horfur til þess að ná staðfestingu. Oss dylst þó ekki, að fáni þessi er ekki allskostar hentugur. Liturinn ljókkar og fölnar; verður þá fáninn daufur og sviplitill, þekkest auk þess tæplega frá sænska fánanum.

Vjer teljum það ósannað mál, að stjörnufáninn eða annað afbrigði frá gamla fánanum mundi alþýðu kærkomnari en þrilíti fáninn. Almenninguðum mun fara líkt og sjálfum þingmönnum, að fullur helmingur telur þrilíta fánann betri. Hvað sjálfan mig snertir, þá met jeg það mjög mikils, hve mjög honum svipar til fána þeirrar Þjóðarinnar, sem oss er náskyldust allra, Norðmanna. Aftur svipar gamla fánanum mjög til Dannebrog. Formaður fánanefndarinnar frá 30. des. f. á. hefir skýrt mjer frá, að það væri siður meðal allra Norðurlandþjóðanna að hafa stjörnu í efra stangarreit á kontra-admiralsfánunum. Þetta gæti gefið mönnum þá hugmynd um stjörnufánann, að hann væri einhvers konar sjóhersfáni, og er það galli á gerð hans. Ein af þeim fánagerðum, sem fánanefndin frá 30. des. hafði athugað, var sú, að hafa stjörnu í öllum reitum fánans — eina stjörnu fyrir hvern landsfjórðung. — Jeg kom með einn slíkan fána og hengdi hann til sýnis hjer í þingsalnum, en skapstillingarmaður einn reif hann sundur í fundarbyrjun.

Stjórnmálasaga síðustu árána sýnir það víða, að báðir flokkar eiga að lokum sinn góða þátt í því sem gjört er. Þegar stofna átti Íslandsbanka, þá vildi annar flokkurinn jafnframt leggja niður Landsbankann; hinn vildi koma bankastofnuninni fyrir kattarnef. Hvor um sig kom sinu máli að nokkru fram. Íslandsbanki var stofnaður og peningar komu inn í landið, en Landsbankinn stóð eftir sem áður.

Það er hvorki óeðlilegt né óheppilegt, þó svo gangi, að annar flokkurinn leggi til

uppistöðuna í voðir þær, sem Þjóðin vefur, en hinn ívafið.

Fyndnir menn hafa valið þrilíta fánanum hæðilegt nafn, kent hann við sundrungina, okkar gamla Þjóðarmein. Það væri að visu auðvelt að gjalda þetta í sömu mynt, en jeg vil ekki uppnefna okkar gamla góða fána. Í minum augum er þrilíti fáninn einmitt **einingarinnar** tákn. Mestur hluti hans, bláu feldirnir og hvítu randirnir, er uppistaðan frá landvarnar- og sjálfstæðismönnum, en sambandsmenn og heimastjórnamenn hafa þá skotið í hann glæsilegu rauðu ívafi, rauða krossinum. Hann gæti orðið oss, ef vjer kynnum með að fara, einingarinnar fáni, fáni **allra**, einskonar marglit Bifröst betri tíma.

Margir telja það illa farið, hve seint fánanefndin frá 30. des. lauk starfi sínu, illa farið, að alþýðu gafst ekki tækifæri til þess að athuga tillögurnar og þingmálfundum að ræða þær.

Vjer getum að nokkru leyti bætt úr þessu.

Ef allir þingmenn ljetu undirróður einstakra manna, gamlan kala og flokkadeilur gleymast, er þeir greiddu atkvæði í þessu máli, ljetu eigin tilfinningar og smekk ráða, þá myndi Þjóðarviljinn koma skýrt fram. Það er næsta ólíklegt, að Þjóð vor hallist á aðra sveif í þessu máli en þingið.

**Hannes Hafstein:** Það er að eins örstutt fyrirspurn til hæstv. ráðherra, sem jeg leyfi mjer að bera fram. Hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á að allar þrjár gerðir fánans væru samþykktar af þinginu. Nú er mjer spurn: Er það meiningin, að konungsráðgjafiinn eigi að ákveða að íslenska flaggið eigi að hafa þrennskonar gerð, þannig, að menn megi nota það á víxl, eða það af þeim, sem þeim líkar best í hvert skifti, eða á konungsráðgjafiinn að slá fastri einhverri einni fánagerð? Sje svo, sem jeg hygg, hver á þá að skera úr því ásamt konungi, hverja gerð-

ina velja skuli? Vjer höfum skilið svo, að úrskurðinn ætti að gjöra eftir tillögum Íslandsráðherra, og að hann því nauðsynlega yrði að aðhyllast einhverja eina gerð, áður en hann leggur tillögur sínar fram fyrir konung. Ef þetta er rjett skilið, þá væri æskilegt að fá að vita með hvaða gerðinni ráðherra mundi mæla.

**Ráðherra (Sigurður Eggerz):** Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) taldi tillöguna um þrjár fánagerðir vott sundrungar. Ekki þarf þó svo á að lita, því ef þingið samþykkir í einu hljóði, að á milli þeirra skuli velja, þá er það einmitt einingarvottur hjá því og samlyndis. En beri það vott um sundarlyndi, ef þrjár gerðir eru samþyktaar, þá er það og vottur hins sama, þó eigi sjeu samþyktaar nema tvær þeirra. Háttv. þingmaður Húnv. (G. H.) talaði um galla á bláhvita fánanum. Má vera að hann sjái þá marga, en ljettir virðast mjer þeir flestir á metunum, sem taldir hafa verið. Auðvitað er það galli, ef hann er svo líkur sænska fánanum, að torvelt sje að greina þá í sundur í fjarlægð. En ef stjarnan er sett í hann, þá hverfur hræðslan fyrir því að þeim verði blandað saman, hræðsla, sem mjer virðist ekki mjög rökstudd. En þótt stjarnan nægi til að gjöra fána vorn með öllu ólíkan sænska fánanum, þá er breytingin frá bláhvita krossfánanum þó eigi meiri en svo, að þeir sem fest hafa trygð við hann, munu geta með sama hug rent augum til stjórnufánans. Ekki sje jeg að það geti verið fullgild ástæða á móti krossfánanum, þótt kontra-admiralar hafi stjórnuna á líkum stað í merki sínu.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) spurði hvort það væri meiningin að konungur legði samþykki sitt á allar þrjár fánagerðirnar. Því skal fljótt svarað, að það hefir aldrei verið meiningin. Hitt hefir verið meiningin, að hafa tillögurnar fleiri, svo reynt væri, án þess að stofna fánamálinu í hættu, að

fá þá gerð, sem að líkindum er þjóðinni geðþekkest. En þar sem jeg hefi lýst, því yfir, að jeg muni ekki setja neina gerð á oddinn, þá sje jeg ekki annað en hægt væri, áður en jeg gjörði ákveðna tillögu til konungs, að vita hvort á hana yrði fallist eða eigi.

Háttv. þm. Eyf. (H. H.) spurði, og mun hafa ætlað að koma mjer með því í vanda, hvernig jeg ætlaði að fara að, og með hverri fánagerðinni jeg mundi mæla. Þessu get jeg ofurvel svarað. Bláhviti fáninn stendur huga mínum næst, þá stjórnufáninn, en sist mundi jeg kjósa þrilita fánann, og ekki fyr en útsjeð væri um hinar gerðirnar,

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) mintist á, að þrilita fánanum svipaði til norska fánans. Sumir telja þetta meðmæli með honum, en jeg er ekki í þeirra tölu, sje ekki að það auki í nokkru fegurð hans.

**Hannes Hafstein:** Jeg þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans, þó að jeg skilji ekki glögt afstöðu hans gagnvart konunginum í þessu. Það liggur næst að skilja orð hans svo, að hann ætli að búa til þrjú tillöguskjöl um fánagerðina og hafa til taks þrjá konungsúrskurði til undirskriftar og ætli að leggja fyrir konung úrskurð, sem löggildi bláhvita fánann; synji konungur um undirskrift sína og hafni tillögu ráðherra, þá ætlar hann að draga upp hjá sjer úrskurðinn um stjórnufánann, og ef eins fer með hann og hinn, þá loks tillögu og úrskurð um þrilita fánann.

En hver ber stjórnarfarslega ábyrgð á þessum synjunum konungs? Væntanlega ráðherrann sjálfur, eða hvað? Þetta er að minsta kosti dálítið óvanalegt fyrir þingræðisstjórn. Jeg skil ekki annað en ráðherra verði að sleppa þessari fyrirætlun, og halda sjer við einhverja eina fánagerð, nema þá því að eins að það vaki fyrir honum að vjer eigum að taka það upp eftir Englendingum, að hafa þrjá fána. Eins



og kunnugt er hafa þeir bæði hvítan, bláan og rauðan gunnfána. Það væri ef til vill ekki illa til fallið, að við líktum eftir þeim í þessu.

**Ráðherra (S. E.):** Jeg ímynda mjer að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), jafn lengi og hann er búinn að vera ráðherra, skilji það ógnvel, að mjer muni hægt að fá vitneskju um vilja konungs að því er gerð og lit fánans snertir, áður en jeg ber málið formlega upp fyrir konungi.

Háttv. þingm. þarf því engan kviðboga að bera fyrir því, að það valdi mjer örðugleika, þó hið háa Alþingi gjöri þrjár tilögur um lit og gerð fánans. Að sjálf-sögðu gjöri jeg að eins eina tillögu til konungs eftir að jeg hefi kynst vilja hans um málið, en því hefi jeg lýst yfir, að jeg setji enga ákveðna fánagerð á oddinn, þó jeg hinsvegar að sjálf-sögðu reyni að koma þeirri fánagerð fram, sem jeg hygg að þjóðinni sje kærust, ef jeg á þess kost, að fá slíka gerð staðfesta.

**Guðmundur Björnsson:** Jeg þykist sjá að þessar umræður muni ekki hafa mikið upp á sig — sist til góðs. Jeg hefi nú setið um stund og hlýtt á tal manna um gerðina á fánanum okkar tilvonandi, og allir hafa, af gömlum vana, talað á eina leið, hver mælt með þeirri gerð, sem honum „þykir vænst um“, eða „fallegust“, eða líklegust til að „falla þjóðinni vel í geð“.

Ef um þjóðmál er að ræða og hver og einn ofmetnast svo fram úr öllu hófi, að hann heldur hiklaust fram því, sem honum er *hugljúfast* eða hann hefir gjört að *metnaðarsök*, og fótumtreður allar skynsamlegar ástæður, eða leggur þær í gegn með „óskum almennings“ — ef svo gengur til, þá er ávalt á illu von, úlfúð, æsingi, og síðan afglöpum, ef geðþóttinn hefir vilt menn af rjettri leið, eins og oft vill verða.

Hjer gengur nú ekki á öðru en þrefi um það, hvað þjóðinni myndi *kærast*, og talið alveg *sjálfsagt*, að þá fánagerð, sem hafi mest *fylgi* núna í svipinn, flestum sje *kærust*, flestir *óski* sjer, *hana* eigi að taka, ef kostur er, hún sje auðvitað sú *besta* fyrir þjóðina í bráð og lengd.

Nú er mjer spurn: Er það rjett að menn láti óskir sínar, metnað og geðþótta ráða alveg í blindni úrslitum þessa máls?

Jeg er efins um að gamla gerðin, bláhvíti krossfáninn, hafi verið mörgum *kærari* en mjer, og sumir þingbræður mínir hafa vist eitthvað orðið þess varir í fyrra, þótt lágt færi.

En þegar jeg tók þetta vandræðamál að mjer í vetur til *rannsóknar* og ráðagjörðar fyrir þing og þjóð, þá hugsaði jeg sem svo: Nú má jeg vara mig á geðþótta mínum, nú *verð* jeg að vinna að því af fremsta megni, að finna fyrir vist hvaða fánagerð þjóðinni muni *hagfeldust* og *heilladrýgst* í bráð og lengd, en ekki líta á það eitt, hvað mjer og öðrum er *geðfeldast* núna í svipinn.

Gjörði jeg rangt í þessu? Ekki held jeg það. Mjer finst það hljóta að vera höfuðskylda hvers manns, sem vinnur að einhverju vandamáli þjóðar sinnar, að *rannsaka* vandlega, hvað *hagkvæmast* muni vera fyrir land og lýð, en varast að berja fram *blákalt* það, sem *honum* er *skapi næst*, eða vænlegast er til vinsælda í bili.

Það er ekkert *vit* í því að neita þessu.

Og það er ekkert *vit* í fánamálinu, ef menn hugsa ekki um annað en það, hvað einum sje „*kærast*“, hvers annar „*óski*“, og hvað þeim þriðja þyki „*fallegast*“. Það er komið nóg af því tali, og *meira* en nóg. Ekki á það bætandi.

Þess vegna ætla jeg nú að vikja máli mínu að því, hver fánagerðin muni vera þjóðinni *sambodnust*, *hagkvæmust* og *heilladrýgst*.

Það er nú sýnt og sannað, að bláhvíti krossfáninn er *ekki* — eins og haldið var

— hentugur farfáni fyrir Íslendinga, af því hann er of líkur sænska fánanum á lengdar, eða í skuggsýnu. Þess vegna er *ekki* fult vit í því, að halda við þá gerð óbreytta, þó kostur væri.

Sje þeirri gerð breytt á þann hátt, sem ýmsir leggja nú til hjer á þingi, að hafa stóra hvíta stjörnu í efri stangarreit, þá er bætt úr þessum annmarka; sú gerð væri *hentugri*; hún mundi þekkjast vel frá öllum öðrum þjóðfánunum á sjó.

En *hversvegna* er stöku mönnum hjer á þingi *þessi* breyting á gömlu gerðinni fullgeðfeld, — en meinilla við *hina* breytinguna — rauðan kross í þeim hvíta?

Er nokkurt *vit* í þeirri bálstífu — öllu þessu „glundroða“-hjali?

Gáum nú að með ró og stillingu. Það má segja, að allir hafi frá upphafi verið samhuga um það, að þjóðfáni vor eigi að vera *krossfáni*, til merkis um skyldleika vörn við þær þjóðir, sem byggja Norðurlönd og Bretlandseyjar, og allar eiga sjer krossfána. Það er fult vit í þessu. Það er *keiprjett undirstaða*. Og þá er vel, ef undirstaðan er rjett fundin. *Hvað svo? Krossfánagerðin er skyldleikamerki. En er þá bláhvíti krossfáninn rétt ættarmót hjer á landi. Nei.* Þar hefir okkur skotist, þótt skýrir sjeum. Álengdar er hann nauðalíkur sænska fánanum, bendir ótvírætt til Svíþjóðar; en í námunda sver hann sig greinilega í ætt við *Dannebrog*; því veldur *hvíti krossinn*, sem er alveg eins og í danska fánanum, því *krossinn* er höfuðeinkenni hvers krossfána, en *ekki* hornreitirnir; griðaslaggið heimskunna heitir t. d. „*rauði krossinn!*“\*). Englendingar tala um *kross* Georgs helga og Patreks og Andrjesar. *Hvítur kross* er nú ekki í neinum *þjóðfánunum* nema þeim danska og þeim á St. Domingo.

Ef við setjum rauða rák í hvíta kross-

inn — hvaða vit er í því? Jú, það er *fult vit* í því. *Í allri víðri veröld eru ekki til nema tveir þjóðfánar með tvílitum krossi*; það er í *Noregi* og á *Breilandi*. Þess vegna er *þrilita gerðin tilvalið og keiprætt íslenskt þjóðernistákn*, af því að hún *minnir ótvírætt á fána þeirra tveggja þjóða, sem íslenska þjóðin á alla ætt sína til að rekja*; því veldur þá *tvílitu* krossinn og *sömu* þrir litirnir (Bl. + Hv. + R.), sem eru í norska og breska fánanum, og okkar gerð *þó* mjög auðgreind frá þeim — og *öllum* öðrum þjóðfánunum. Það er *fult vit* í þessu. Því getur enginn neitað.

Jeg spáði því strax í vetur og aftur núna í þingbyrjun, að próf. Knud Berlin — sem allir þekka — myndi fljótt koma auga á þetta, og snúast illur við þessari þrilitu gerð, myndi telja hana vott um ofmikinn vinarhug Íslendinga til Norðmanna. Það er eins og hann og sumir aðrir Danir standi á nálum, ef Íslendingar líta við Norðmönnum! Og þessi spá mín hefir rættst til fulls. *Próf. Berlin er æfur á móti þrilitu gerðinni*, í dönskum blöðum! Hann telur auðsætt, að Íslendingar velji þrilita fánann í vináttuskyni og frændrækni við Norðmenn og Breta; það sje eins og vant er, að Íslendingar vilji ekki játa skyldleikann við Dani, en dragi sig eftir Norðmönnum og Bretum. Að visu játar hann að við *sjeum* langskyldastir þeim þjóðum, — því neitar hann þó ekki; en álitur *samt* sjálfsagt að reyna, að koma í veg fyrir að við fáum þennan þrilita fána, sem ljóst og skýrt tákn ættar vorrar og uppruna. Honum er meinilla við þennan íslenska „glundroða“. Honum myndi sönn ánægja að hlusta á ræður sumra manna hjer, sem hamast á móti þessari *íslensku* þrilitu gerð, sem honum er svo afarhvímeið, af því honum þykir hún *of íslensk, of sviplík* fána þeirrar þjóðar, sem vjer erum náskyldastir, *of ólík* danska fánanum. *Þess vegna* berst hann nú móti þrilitu gerðinni okkar, og — viti menn —

\*) Það flagg er hvítt og rauður kross í því miðju, og ná álmurnar ekki út á jaðra. G. B.

nokkrir *islenskir* sjálfstæðismenn berjast með honum! Þarna fallast þeir í faðma! Hvaða *vit* er í því, að islenskir sjálfstæðismenn láti sig henda slíkt? *Ekkert* vit; það er ekki nokkurt *vit* í því ráðslagi; þar ráða *geðsmunir* þeirra, en ekki þeirra góðu vitsmunir.

Það er satt, að allir þjóðfánar vekja jafnan einhverjar geðshræringar. Þjóðfánar annara þjóða falla okkur misjafnlega í geð; á sumum þeirra höfum við miklar mætur, minni á öðrum, og um marga „er okkur alveg sama“. Eins verður um okkar fána. Og það er öldungis vist, að gerðin á honum mun ráða mestu um það, fyrst um sinn, hvernig nágrönnum okkar geðjast að honum. Það er vist að próf. Berlin og hans likum meðal Dana — sem vonandi eru ekki margir — geðjist ósköp illa að þrilitunum. Það er jafnvist að Norðmenn hafa veitt þessu máli og þessari þriliti gerð fulla athygli, og þá líka andmælum Berlins. Núna í vor 17. maí hlotnaðist íslensku þjóðinni svo veglegur sæmdarauki og velvildarvottur af hálfu Norðmanna, að slíks eru fá dæmi. Mönnum er þó vist enn í fersku minni, hvernig þeim meinlausu og eðlilegu frændsemismerkjum og vináttukveðjum milli Íslendinga og Norðmanna var tekið annarstaðar, af próf. Berlin og hans likum; og andróður hans móti þrilita fánanum er beint áframhald af þeim ástæðulausa ímugust.

Ef við nú höfnum þessari gerð, þessu eina *rjetta* íslenska þjóðernistákni, þá mættu Norðmenn hugsa eitthvað á þessa leið: „Undarlegir menn eru Íslendingar; þeir vilja sverja sig úr ætt við okkur, þrátt fyrir frændsemishót sin í vor og vináttu og velvildarmerki af okkar hálfu. Hvað gengur þeim til? Eru þeir svona hræddir við Knud Berlin undir niðri? Þora þeir ekki lengur að kannast við ætterni sitt og uppruna?“

Er ekki augljóst að það mundi særa Norðmenn, ef nú yrði horfið frá þessari

gerð, og þeir álasa okkur, með rjettu, fyrir þær undarlegu tiltektir.

Sannleikurinn er sá, að þriliti fáninn er *skýrt* og *rétt* íslenskt *þjóðernistákn* og *ætternismerk*; en það eru hinar gerðirnar *ekki*. Og þegar um hugsjónargildi fánans er að ræða, þá verða skapríku mennirnir hjer að sitja á sjer, hugsa ekki bara um það, sem *þeim* geðjast best, af gamalli kepni, gá líka að því, að fáninn okkar getur geðjast sumum öðrum þjóðum misjafnlega, getur vakið óhug okkur til meins, eða samhug okkur til heilla, og það farið eftir því, hvernig hann kemur fyrir sjónir — eftir gerðinni.

Og nú eru þeir timar, að vjer Íslendingar ættum að hafa vit á að hugsa meira um það, hvernig fánanum verði tekið af nálægustu nágrannþjóðum heldur en um hitt, hvað hverjum okkar þykir fallegast.

**Ráðherra (S. E.):** Jeg finn ástæðu til þess, út af þeim ummælum háttv. 6. kgk. (G. B.) að menn ættu að tala um þetta mál frá sjónarmiði skynseminnar, en ekki tilfinninganna, að slá því föstu að tilfinningarnar stóðu allfast bak við ræðu hans. Mjer hefir skilist það, að tilfinningin fyrir norsku þjóðinni væri frá hans sjónarmiði höfuðstuðningur þrilita fánans. Þó fáni þessi likist norska fánanum allmikið, þá verður hann ekki í mínum augum fegurri fyrir það, eins og bláhviti fáninn verður ekki óveglegri í mínum augum, þó hann, eins og háttv. 6. kgk. tók fram, likist danska fánanum.

**Framsögumaður (Karl Finnbogason):** Jeg er þakklátur háttv. flutningsmanni brtt. á þgskj. 441 (G. H.) fyrir það, að hann lýsti yfir því, að hann og þeir flestir, sem honum fylgja, mundu greiða atkvæði með okkar tillögu, ef þeirra fjelli. Þetta var drengilega mælt og vel, eins og von var til. En um leið vil jeg benda á það, að *eini* vegurinn til þess að *allir* geti greitt atkvæði með *einni* tillögu, er sá, að breyt-

ingartillagan sje feld, því hana verður að bera upp fyrst, úr því hún var ekki tekin aftur, eins og til var mælst. Og með henni geta ekki allir greitt atkvæði.

#### ATKVGR.:

Brtt. 441 samþ. með 20 : 18 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

*já:*

*nei:*

Sigurður Stefánsson,	Einar Arnórsson,
Björn Hallsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Þorláksson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Eiríkur Briem,	Guðmundur Eggerz,
Guðmundur Björnsson,	Guðmundur Ólafss.,
Guðmundur Hannesson,	Hákon Kristóferss.,
Jón Magnússon,	Hjörtur Snorrason,
Július Havsteen,	Jóhann Eyjólfsson,
Magnús Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Matthías Ólafsson,	Jósef Björnsson,
Ólafur Briem,	Karl Einarsson,
Pjetur Jónsson,	Karl Finnbogason,
Sigurður Gunnarsson,	Magnús Pjetursson,
Sigurður Sigurðsson,	Sigurður Eggerz,
Stefán Stefánss., 4 kgk.,	Skúli Thoroddsen,
St. Stefánss., 2. þm. Eyf.,	Sveinn Björnsson,
Steingrímur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.

Þórarinn Benediktsson.

Hannes Hafstein greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.

Einar Jónsson var fjarverandi.

Tillaga á þgskj. 440 þar með fallin.

Forseti lýsti yfir því, að tillagan yrði afgreidd til ráðherra sem

*ályktun sameinaðs Alþingis.*

(Sjá A. 502).

### 3. Gjaldmiðill.

Á 9. fundi sameinaðs þings, fimtudaginn 13. ágúst, kl. 7<sup>15</sup> síðdegis, að öllum þingmönnum viðverandi, var útbýtt

*tillögu til þingsályktunar um gjaldmiðil*

og voru þeir flutningsmenn

Sveinn Björnsson og

Einar Arnórsson.

Með því að nú voru komnar þinglausnir, þá leitaði forseti, eftir ósk flutningsmanna tillögunnar og allmargra annara þingmanna, leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega þegar í stað taka hana til umræðu á þessum fundi.

Ráðherra leyfði afbrigðin og þingið samþykki þau.

Því næst var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli (A. 516).

Forseti lagði til að höfð væri ein umræða um tillöguna, og var það samþykkt í einu hljóði.

Ein umr. var lätin fara fram samstundis (A. 516, 517, 518).

#### Flutningsmaður (Sveinn Björnsson):

Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt, lá hjer fyrir þinginu í sumar frumvarp um að auka seðlaútgáfurjett Íslandsbanka. — Frumvarp þetta var samþykkt í háttv. Nd., en í háttv. Ed. var það afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem málinu var vísað til stjórnarinnar.

Því var haldið fram í neðri deild, að eins og ástæður væru nú, bæri brýna nauðsyn til að gjöra ráðstafanir til að auka gjaldmiðil í landinu, með því að seðlar Íslandsbanka og Landsbankans mundu eigi nægja til að fullnægja innlendri viðskiftaþörf vorri. En eins og jeg gat um, stöðvaðist frv. í háttv. Ed.

Í dag var mjer sem þingmanni Reykvinga afhent brjef, undirritað af ýmsum kaupsýslumönnum í Reykjavík og Hafnarfirði. Brjefið er að vísu stílað til háttv. Nd., en með því nú er alveg komið að þinglokum, og eins og málinu að öðru leyti er varið, taldi jeg rjettast að beina

málaleitan þessari til sameinaðs þings. Með leyfi hæstv. forseti mun jeg lesa brjefið upp, þar sem jeg býst við að það muni ekki kunnugt öllum háttv. þingmönnum. Brjefið hljóðar svo:

„Eins og hinni háttv. neðri deild Alþingis er kunnugt, er þegar byrjuð styrjöld, sem nær yfir meiri hluta Norðurálfunnar, og veit enginn enn hvort styrjöld þessi varir langan eða skamman tíma eða hver áhrif hún getur haft á viðskiftalíf Norðurálfþjóðanna.

Þegar í byrjun styrjaldarinnar gjörðu þjóðir þær, er oss standa næst, ýmsar ráðstafanir, til þess að geta varist þeim óheillavænlegu áhrifum, sem stríðið hlýtur að hafa á alt viðskiftalíf þeirra, og Alþingi Íslendinga, sem nú stendur yfir, gjörði einnig ýmsar ráðstafanir, til þess að tryggja það, að hin yfirvofandi stríðshætta kæmi ekki altöf hart niður á þjóð vorri.

Meðal ráðstafana þeirra, sem gjörðar hafa verið viðsvegar um heiminn í þessa átt, er það, að veita bönkum, þeim sem hafa innleysanlega seðla, undanþágu frá innlausninni meðan á stríðinu stendur.

Allir hljóta að sjá hvaða áhrif það hlýtur að hafa, að kippa öllu gulli burtu af markaðinum í einu. Þörfin og eftirspurnin eftir öðrum gjaldmiðli (þ. e. seðlum) hlýtur mjög að aukast við það, enda hafa nágrannaþjóðir vorar, t. d. Bretar og Danir, sjeð, að jafnhliða kyrsetning gullforðans þurfti að auka seðlaútgáfuna og gjört það nú, eins og viðskiftaþörfin krefst, með útgáfu nýrra seðla.

Alþingi í ár hafði til meðferðar frumvarp til laga um aukning seðlaútgáfu-rjettar Íslandsbanka, sem vjer og allur almenningur hjuggumst við að næði samþykki alls þingsins, enda fjekk mál þetta góðan byr í neðri deild og var

afgreitt þaðan með miklum atkvæðamun, en nú hefir frumvarp þetta verið felt í efri deild, og teljum vjer það mjög mikið óhapp, þar sem, ef frumvarp þetta hefði orðið að lögum, hefði það þó bætt allmikið úr sárustu þörfinni.

Þingið hefir þannig ekki enn leyst þann hnútinn, sem mest var þörf að leysa; það hefir að eins kyrsett málmforða bankans, án þess að bæta úr því, að nokkur annar gjaldmiðill kæmi á markaðiun.

Vegna Evrópuófriðarins, sem nú stendur yfir, er ekki unt fyrir bankana eða einstaka menn að nálgast framandi gjaldmiðil, hvorki seðla eða gull. Hinsvegar krefur viðskiftaþörfin hjer, nú og til ársloka að minsta kosti, mjög mikinn gjaldeyri, miklu meiri en bönkunum er heimilt að gefa út. Það er ársarður alls landsins, sem út á að flytja nú og til ársloka, sem að mestu leyti þarf að útleysa hjerlendis með peningingum, eftir því sem viðskiftalífi þjóðarinnar er nú háttað. Á sama tíma þarf að greiða mjög mikið af verkkaupi bæði til sjós og sveitar o. s. frv. En teppist eðlileg og sjálfsögð viðskifti í landinu, sökum vöntunar á gjaldeyri, þá leiðir af því ófyrirsjáanlega stórt fjárhagstjón fyrir alla þjóðina.

Af meðferð frumvarps þess til laga, sem minst er hjer á að framan, í þinginu, er oss það ljóst, að neðri deild Alþingis skilur vel hver háski viðskiftalífi þjóðarinnar er búinn af þeim fjárhagslegu kringumstæðum, sem nú eru fyrir dyrum, ef ekkert er aðgjört, og fyrir því leyfum vjer oss að snúa oss til yðar með þá áskorun, að þjer áður en þessu þingi er slitíð samþykkið þingsályktunartillögu, er gefi stjórninni heimild til, með bráðabirgðalögum, að sjá landsmönnum fyrir nægilega miklum gjaldmiðli, eftir því sem þörf krefur,

og meðan Norðurálfuófriðurinn bakar peningastofnunum landsins þá örðugleika með útvegum peninga, sem raun er á orðin.

Reykjavík 13. ágúst 1914.

*Ásgeir Sigurðsson.*

*Jes Zimsen.*

*Aug. Flygenring.*

*Jón Laxdal.*

*pr. G. Copland,*

*Jón Laxdal.*

*pr. Bookless Bros.,*

*Ó. Valdimarsson.*

*pr. Fiskiveiðahl.fjel. Ísland,*

*Jes Zimsen.*

*H. Benediktsson.*

*P. J. Thorsteinsson.*

*Emar Þorgilsson.*

*Th. Thorsteinsson.*

*pr. h. f. Haukur,*

*P. J. Thorsteinsson.*

*Nathan & Olsen.*

*Gardar Gíslason.*

*pr. Fiskiv.fjel. Alliance,*

*Jón Ólafsson.*

*pr. h. f. Kveldúlfur,*

*Thor Jensen.*

*pr. h. f. Bragi,*

*Th. Thorsteinsson.*

*O. Johnson & Kaaber.*

Til neðri deildar Alþingis<sup>a</sup>.

Siðan fjekk jeg svohljóðandi yfirlýsingu frá H. P. Duus:

„Hjer með lýsi jeg því yfir, að jeg er samþykkur áskorun kaupmanna og annara til neðri deildar Alþingis, dags. í dag, er snertir rjett til aukinnar seðlaútgáfu.

Reykjavík, þann 13. ágúst 1914.

*H. P. Duus.*

Jeg áleit að það væri full þörf á að skýra háttv. þingi frá brjefi þessu; en það skal jeg taka fram, að jeg er ekki með öllu

persónulega samþykkur röksemdafærslu brjefsins.

Þegar jeg hafði fengið brjef þetta, sneri jeg mjer þegar til hæstv. ráðherra, og skildist mjer á honum, að hann liti svo á, að þar sem neðri deild hefði áður lýst því yfir í frumvarpsformi, að það væri álit hennar og vilji, að gjaldmiðill væri aukinn í landinu, ef þörf krefði, þá væri ekki bættara með því, þótt hún samþykkti aftur hið sama í tillöguformi. Þetta, ásamt því sem jeg nefndi áðan, er ástæðan til þess, að tillagan kemur fram í sameinuðu þingi.

Jeg hefi einnig borið mig saman við þann flokk, sem jeg tel mig til, og í samráði við hann er þessi tillaga komin fram.

Tilgangur tillögunnar er sá, ef hún verður samþykkt, þá megi svo á lita, að þingið gefi stjórninni með því til kynna, að þó svo hafi farið, að það yrði ofan á, að það vildi ekki að þessu sinni veita Íslandsbanka aukinn seðlaútgáfurjett, þá sje það því þó engan veginn móthverft, að aukinn sje gjaldmiðill í landinu, ef brýn þörf krefur. Hjer er nefnt til dæmis eitt form, sem stjórnin gæti haft til að auka gangeyri í landinu, þar sem bent er á, að gefinn sje út fyrir landssjóðs hönd gjaldmiðill, er hljóði upp á 100 kr. hvert skirteini, og að þessi gjaldmiðill sje lánaður Íslandsbanka, ef hann óskar þess, gegn 4% ársvöxtum og nægilegri tryggingu. A þennan hátt mundi mega bæta úr bráðustu þörfinni. En þótt þetta sje nefnt sem dæmi, þá er ekki tilætlanin að einbinda stjórnina við þetta form.

Með tilliti til þess, að nú geta farið alvörutímar í hönd, og af því að mikil ástæða getur verið að taka tillit til óska kaupskýslumannanna, þá vænti jeg þess, að hið háa Alþingi sjái sjer fært að samþykkja tillögu þessa og gefa stjórninni með því bendingu um að gjöra það, sem hún álitur nauðsynlegt í þessu máli og best til fallið.

**Skúli Thoroddsen:** Jeg var ekki á

flokksfundi, er rætt var málið, sem hjer um ræðir. — En þegar jeg lit á tillöguna, eins og hún liggur hjer fyrir, *dylst* mjer eigi, hve *mjög* hún ber það með sjer, að hún er samin í flýti, og þótt jeg neiti því sist af öllu, hve nauðsynleg hún er í sjálfu sjer, þá blandast mjer **ekki** hugur um, að varla er fært, að samþykkja hana óbreytta, og væri því óefað rjettast, að gjört væri nokkurt fundarhlje, svo að tími vinnist til, að koma sjer saman um nauðsynlegustu breytingarnar að minsta kosti.

Meðal annars, sem óglögt er í tillöggunni, er það, hvort sú er tilætlunin, að gefa að eins út gjaldmiðil eða skirteini, sem svari til þeirrar upphæðar, er Íslandsbanki telur sig þurfa. Eða má einnig lána Landsbankanum, og öðrum, er trygging bjóða, ef þörf gjörist?

Mjer skildist á hv. flm. (S. B.), að til-laga þessi væri komin fram af því, að frv. um aukin seðlaútgáfurjett Íslandsbanka strandaði í efri deild, og veit vel, að svo muni vera; en þótt það hefði verið afgreitt, sem lög frá þinginu, hefði það ekki verið fullnægjandi.

Jeg vakti máls á því hjer í deildinni (þ. e. neðri deild) nýskeð, að mjer virtust svo **miklir alvörutímar**, að *full þörf* mundi á, að búa svo um hnútana, að báðum bönkunum, Íslandsbanka, og Landsbankanum væri veittur nýr gjaldmiðill, er til mætti grípa, í peningavandræðunum, er af ófriðinum stafar, — benti og á, að **fráleitt** myndi þó af veita, þótt 1—2 milj. kr. næmi.

En enn þá hefir þó þessum aðvörunum mínum **ekki** verið gaumur gefinn, fyr en þá nú að þessu leyti. —

Annars vil jeg benda á, að eigi þingsályktunarlillaga þessi, að *koma að gagni*, þá er nauðsynlegt, að landsstjórnin vindi nú *mjög* bráðan bug að því, að gefa út bráðabirgðarlögin, um útgáfu nýs gjaldmiðils — gæti þess og, að verða þar eigi of sein fyrir.

Jeg sá þess getið í blaði í dag, að tungurduflum hefir að mun verið sókt niður í Norðursjóinn, svo að sigling er þar **ekki** örugg. og á hverri stundu *getur* og simasambandið við Danmörku verið úr sögunni. — Og hvernig fer þá?

Jeg tek það því upp aftur, að hjer þarf að vinda **bráðan bug** að, og breyta og tillöggunni þannig, að stjórninni veitist heimild, til að lána Landsbankanum skirteinin, eigi siður en Íslandsbanka.

Annars skil jeg ekki, hvers vegna að eins á að gefa út 100 króna skirteini.

Það er engu líkara, en að alt í einu sjeum vjer Íslendingar orðnir þeir „grosserar“, að vjer höfum ekki annað í veltunni en 100 kr. seðla, þó að hitt sje oss reyndar tamara, að eiga við 5 eða 10 kr. seðlana, og enda við 25-eyringinn. —

Að öðru leyti skal jeg og enn taka það fram, sem jeg hefi áður ymprað á hjer í neðri deild nýskeð, og enn ítarlegar vakið þó máls á, upp aftur og aftur, á flokksfundum, að mjer finst þingið skilja *mjög* leiðinlega við, eins og horfurnar nú eru í heiminum, — finst það að visu **alveg óverjandi**, að það skilji svo við, sem það gjörir. —

Skal jeg því enn nota tækifærið, og skirskota sem **rækilegast** til fyrgreindrar ræðu minnar í neðri deild, og minna á það, að lögin um óinnleysanlegleik seðla Íslandsbanka gilda ekki nema til 15. okt. þ. á., eða þá þar um — man nú ekki glöggar daginn í svipinn —, og verða menn því, að gjöra sjer **Ijóst**, hvernig fara myndi, ef lögin fjellu þá úr gildi, áður en ófriðarhættan er horfin, ef ekki væri þá auðið að framlengja þau með bráðabirgðarlögum, af því að simasambandið við Danmörku væri slitíð, svo að ekki næðist til konungsvaldsins. —

*Fyrst og fremst* yrði landssjóður þá að skila Íslandsbanka gullforða hans aftur, og hvaðan fæst þá fje til þess, hafi honum áður verið varið til vörukaupa frá útlöndum?

*Í öðru lagi myndu menn þá og streyma að bönkunum, sem og æ að sparisjóðunum, ef útlitið væri þá enn iskyggilegt — sem alóyggjandi má telja, þar sem stórveldi eiga hlut að máli, er hvert um sig mun halda út í lengstu lög — og taka út sparisjóðsinneignir sínar og stofna öllu þannig í mesta vanda. —*

Jeg vona því, að **ljóst** sje, hve **afar-fyrirhyggjulítið** það er, að hafa eigi framlengt lögin frá 1. ág, þ. á., nú þegar, eða ef dragast væri látið, að gjöra það þá **nú þegar**, með bráðabirgðalögum, að þinginu loknu.

Þá hefi jeg og bent á **vandræðin**, sem af því hljóta að stafa, er *flutningar til landsins, og frá því, minka, ef eigi alstöðvast*, vegna ófriðarins, og *tekjulindir landssjóðsins þverra*, en handbæru fje landsins, sem nú er, verið áður til vörukaupa.

Jeg hefi bent á, að *þingið þyrfti að gjöra það, sem í þess valdi stæði*, til að fyrirbyggja að **landsstjórnin kæmist í vandræði**, er fram á veturinn liður, að því er greiðslu embættislauna snertir, sem og fl.

En við þessu hefir verið skelt **skoll-eyrunum**, og alt er látið reka á reiðanum, nema þingsályktunin, sem hjer liggur fyrir, bæti þá eitthvað úr því. —

*Óskandi*, að svo fari eigi, að vjer þurfum áður langt um liður, að súpa seyðið af þessu fyrirhyggjuleysi.

Hinu, sem jeg vjek og að, þ. e. að óhjákvæmilegt virtist, að liðsint væri almenningi, með lögum um „moratorium“, — þ. e. skuldagreiðslufrestur alment veittur yfir einhvern ákveðinn tíma (segjum: 6—8 mánuði, eða þá þar um), hefir og eigi heldur verið sint, þó að fyrirsjáanlegt sje, að *stórkostleg vaxtahækkun*, vegna ófriðarins, sem og *verðhækkun allra nauðsynja*, og *atvinnuskortur*, hljóti þó **vafalaust** að setja fjölda manna fjárhagslega alveg á höfuðið. —

En *verst af öllu*, og *sárgrætilegast*, er það þó, að landsstjórnin skuli vera látin **alein** til úrræða, ef Danmörk yrði *hernumin*, þ. e. ef hlutleysi Dana verður virt að vettugi, eins og t. d. hlutleysisfyrlysing Belga. —

Jeg hefi talað um þetta hvað eftir annað á flokksfundum, — bent á, að vjer þyrftum að vera við því búinir, að svo gæti farið, og ættum því og að sjá oss farborða í tíma.

En orðum mínum hefir **enginn** gaumur verið gefinn, og jeg hef **engu** fengið áorkað.

Menn hafa verið *hræddir* um það, að Danir **kynnu** að styggjast, ef gjört væri ráð fyrir því, að Danmörk yrði hernumin, og nefnd væri kosin, til að gæta **hagsmuna og sjálfstæðis landsins**, ef svo skyldi til takast, — *hafa haldið það geta spilt fyrir málum vorum*, að öðru leyti, og svo er þá **alt látið ráðast**.

Jeg hefi bent á þetta enn og aftur, og nú þá í síðasta skiftið, og á síðustu *stundinni*, — viljað á þann háttinn enn betur **þvo mínar hendur**.

En nú verður þá — úr því, sem komið er —, að treysta þá ráðherranum, treysta því, að hann bregði þá við **sem skjótast**, ef illa fer, þótt skemtilegra hefði það óneitanlega verið, bæði fyrir ráðherrann, og þjóðina, ef gengið hefði verið, af þingsins hálfu, betur frá öllu en nú er gjört. —

**Ráðherra (S. E.):** Jeg hefði helst kosið að þingið hefði afgreitt lög um þetta vandamál, í stað þess að varpa nú í þinglokin öllum vandanum á herðar stjórnarinnar. En nú er komið sem komið er, og mun stjórnin að sjálfsgöðu telja það skyldu sína að greiða úr máli þessu á þann hátt, sem hún telur að best megi fara.

Að öðru leyti skal jeg taka fram, að jeg tel mér heimilt að gefa út bráðabirgðalög um framlenging á önnleysanlegleik seðla Íslandsbanka, og til þess mun jeg grípa,



ef þörf krefur. Jeg skal og taka það fram út af ræðu hv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.), að það er viðsjárvert, og getur orðið skaðlegt, að gjöra mikið til þess að vekja ótta og kvíða í landinu út af stríðshættunni.

Umfram allt riður á því, að blöðin sýni ró og stilling og varist allar æsingar. Þingið hefir gjört það, sem það hefir getað í þessu efni, og stjórnin hefir vilja á að láta ekki sitt eftir liggja. Yfir höfuð er gott fyrir oss að hafa það hugfast á þessum tímum, að spara óþörf orð, en vinna þess meira til að firra ættjörðina tjóni.

**Flutningsmaður (Sveinn Björnsson):** Jeg leyfi mjer að segja að eins örfá orð út af einu atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.). Hann spurði hvort það væri meiningin með tillögunni, að gefa að eins Íslandsbanka heimild fyrir takmarkaðri lánsheimild. Tillagan er þannig orðuð, að valdstjórninni er veitt svo viðtækt umboð, að þess er vænst af henni, að hún sjái landinu fyrir nægilegum gjaldmiðli, svo sem nauðsyn krefur, og að hún gjöri ráðstafanir til þess, eftir því sem þörfin krefur, að þessi gjaldmiðill sé handbær.

Jeg tel sjálfsagt að stjórnin reyni, ef Íslandsbanki telur sjer fært að samþykkja það, sem má ske má vænta, að láta Landsbankann einnig njóta góðs af þessum seðlum. Má ef til vill líta svo á, að í till. felist einnig heimild til þess, að stjórnin reyni eitthvað í því efni.

Þar sem getið er um 100 kr. skirteini í till., þá er það að eins tekið til dæmis, en seðlarnir eru alls ekki bundnir við þetta form, ef stjórnin telur annað heppigra. Það var rjett sem hv. þm. N.-Ísaf. (Sk. Th.) talaði um, að till. væri samin í flýti. Það var ákvæðið að slita þinginu í kvöld, en málaleitunin barst mjer í hendur rjett fyrir fundinn. Hjer varð því annaðhvort að hrökkva eða stökkva, annaðhvort að láta málið liggja kyrt eða gjöra einhverjar ráðstafanir áður en fundurinn væri

haldinn. Og það varð að ráði. Annars er þetta ákvæði um 100 kr. skirteinin ekki sett vegna flausturs. Fyrst og fremst er það, eins og jeg sagði áðan, að eins tekið til dæmis, en alls ekki sett af því að búist sje við að tómir grósserar sjeu í landinu. En jafnvel þótt stjórnin væri bundin við þetta ákvæði, sem hún er ekki, þá væri það ekkert hættulegt, því að fyrir utan þessi væntanlegu skirteini, verða í veltu  $3\frac{1}{4}$  milj. af seðlum Landsbankans og Íslandsbanka, og hygg jeg, að mjer sje óhætt að segja að meiri hlutinn af því sje í smáseðlum, þ. e. 5—10 kr. seðlum.

Jeg veit ekki, hvort hv. þm. þykir ástæða til að hafa stutt fundarhlje, til þess að íhuga betur till. og semja, ef til vill, brtt. við hana. (*Hannes Hafstein*: Það er engin ástæða til þess.) En annars býst jeg við því, ef mönnum þykir eitthvað athuga-vert við till., þá verði þeir fljótir að átta sig á því; það hefir líka reynslan sýnt, þar sem tvær brtt. eru þegar fram komnar.

**Einar Arnórsson:** Jeg gaf það í skyn við hv. samflutn. minn um till., (S. B.), að mjer líkaði ekki allskostar síðasta setning hennar, og þess vegna leyfði jeg mjer að koma fram með þá brtt., sem hv. forseti las upp áðan.

Eins og hv. samflutn. minn (S. B.) tók fram, var hjer fyrir þinginu frv. til laga um aukinn seðláutgáfurjett til handa Íslandsbanka, og með því formi og efni var það samþykkt af Nd. með 20 : 3 atkv., ef jeg man rjett, og afgreitt til Ed. Vitanlega var þetta frv. að eins ætlað til bráðabirgða, þar sem það átti ekki að gilda lengur en til októberloka næsta ár. En þó að Nd. samþykkti frv. með svo miklum atkvæðamun, þá fór svo ólíklega, að Ed. hafði ekki meira við það en svo, að hún afgreiddi það með rökstuddri dagskrá. Ed. sýnist hafa verið sammála meiri hl. nefndarinnar í Nd. um það, að rjett væri, áður en fullnaðarákvörðun væri tek-

in um að veita Íslandsbanka aukinn seðla-  
útgáfurjett, að taka skipulag hans á ýms-  
an hátt til athugunar, og ef aðstandendur  
bankans sæju sjer það fært, þá breyttu  
þeir því til batnaðar, ef þeir vildu síður  
fara fram á þenna rjett.

En í rökstuddu dagskránni, sem samþ.  
var í Ed., er ekkert vikið að því, að þörf  
geti verið á auknum gjaldmiðli í landinu.  
Með leyfi hv. forseta skal jeg lesa dag-  
skrána upp, af því að jeg býst ekki við,  
að allir hv. þm. hafi sjeð hana:

„Í því trausti, að stjórnin taki til at-  
hugunar, hvort ekki sje ástæða til, áður  
en seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka sje  
aukinn, að breytt verði fyrirkomulagi  
bankans og eftirliti með starfsemi hans,  
sjerstaklega með tilliti til þess, sem  
fram hefir komið við meðferð málsins  
á Alþingi, tekur deildin fyrir næsta  
mál á dagskrá“.

Eins og menn heyra, er hjer ekki vikið  
einu orði að því, að ástæða geti verið til  
þess að auka gjaldmiðil í landinu fyrir  
næsta þing. Að visu er það ekki meiri  
hl. alls þingsins, sem hefir afgreitt málið  
á þenna hátt, heldur að eins 10—11  
menn, en þeir eru lögformlega nógu  
margir til þess að fella eitt frv.

Þar sem meðferð málsins í þinginu var  
slik, getur stjórnin ekki dregið þá ályktun  
af henni, að hún hafi heimild til að gefa  
út bráðabirgðalög um aukningu á seðla-  
útgáfurjetti bankans. Eina rökrjetta álykt-  
unin, sem af þessu verður dregin, er sú,  
að þingið álitu ekki neina ástæðu vera til  
slikra ráðstafana. Ef stjórnin gjörði þær,  
þá mætti segja með fullum rjetti, að hún  
bryti beinlínis bág við yfirlýstan vilja þingsins.

Eins og hv. samflutnm. minn (S. B.)  
tók fram, hafa nokkrir kaupþýslumenn  
hjer í bænum beint þeirri málaleitun til  
Nd., hvort ekki væri unt að gjöra ein-  
hverjar ráðstafanir til þess að koma í veg  
fyrir skort á gjaldmiðli í landinu, sem

margir væru nú farnir að óttast. Það er  
óþarft við þessa umræðu að rökræða  
það, hvort þessi ótti hefir við nokkuð að  
styðjast eða ekki. Það skiftir í rauninni  
ekki miklu máli. Háttv. Sp. mun sýna  
það með atkvæðagreiðslunni, hvort það  
litur svo á, eða ekki. En ástæðan til þess  
að við höfum leyft okkur að bera fram  
þessa tillögu, er sú skoðun okkar, að að  
því geti rekið, að skortur verði á gjald-  
miðli í landinu. Það er enginn efi á því,  
að neðri deild litur eins á þetta mál, þar  
sem hún samþykkti frv., sem jeg gat um-  
áðan. En eins og jeg mintist á, getur  
stjórnin þrátt fyrir það, ekki ályktað svo,  
að þingið í heild sinni litu þannig á málið,  
þar sem frv. fjekk þessa meðferð í Ed.  
sem jeg gat um. Við höfum því borið till.  
fram til þess að taka þá ábyrgð af stjórn-  
inni, að þurfa, ef til kæmi, að ráðast í,  
upp á sitt eindæmi, að gjöra einhverjar  
ráðstafanir í þessu efni. Hún hlyti að ótt-  
ast allar slikar aðgjörðir, ef þingið ljeti við  
það sitja, sem það hefir nú gjört í þessu  
máli. En ef till. á þingskj. 516 verður  
samþykkt, þá getur stjórnin skírskotað til  
hennar því til sönnunar að þingið hafi  
ekki í raun rjettri verið þeirrar skoðunar,  
að full vanþörf væri á því að auka rjett-  
inn til þess að gefa út gjaldmiðil. Stjórnin  
mundi þá verða öruggari að gjöra ráð-  
stafanir í þessa átt á milli þinga, ef  
hún hefði þessa yfirlýsingu, sem í till. felst,  
á bak við sig.

Þá skal jeg vikja að brtt. minni á þgskj.  
517. Það sem jeg hefi fyrir mjer, er það,  
að jeg er ekki sannfærður um, að það  
sje á nokkurn hátt löglegt, að landssjóður  
gefi sjálfur út gjaldmiðil. Byggi jeg það á  
8. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905. Af því  
að jeg er ekki sannfærður um, að það  
sje löglegt, vil jeg ekki að sameinað Al-  
þingi samþykki slíkt ákvæði í tillöguformi.  
Væri það óviðkunnanlegt, ef seinna skyldi  
svo koma í ljós, við nánari athugun, að  
það væri ólöglegt. Jeg vil að stjórninni

sjeu gefnar frjálssar hendur í þessu efni; en vitanlega getur hún engu síður farið eins að og til er tekið í till., ef hún kæmist að þeirri niðurstöðu, að það væri löglegt, eða ef hún kæmist að samningum um það við rjetta hlutaðeigendur.

Hv. þm. Vestm. (K. E.) hefir einuig komið fram með brtt. á þgskj. 518. Hún fer skemra en brtt. mín, og skilst mjer, að hún komi því að eins til atkvæða að mín till. -verði ekki samþykkt. Ef það yrði álitid, að landssjóður hefði löglega heimild, eða fengi löglega heimild til að gefa sjálfur út gjaldmiðil, þá kæmi þessi till. að góðu haldi.

Þá er hjer var komið umræðum höfðu þessir þingmenn:

Hannes Hafstein,  
Eggert Pálsson,  
Jóhann Eyjólfsson,  
Guðm. Ólafsson,  
Einar Jónsson,  
Jón Magnússon,  
Björn Hallsson,  
Þórarinn Benediktsson

afhent forseta ósk um það, að umræðum yrði hætt.

Bar forseti þá undir þingið, hvort umræðum skyldi hætt, þegar þeir menn hefðu lokið máli sínu, er þá höfðu beðið sjer hljóðs.

Var það samþykkt í einu hljóði.

**Björn Kristjánsson:** Jeg hjelt að jeg hefði sýnt nægilega fram á það í Nd. um daginn, að hjer væri engin þörf á verðlausum brjefpeningum. Jeg benti á, að til væri í landinu af slikum peningum sem svaraði 38 kr. á hvert höfuð landsmanna; langt fram yfir það, sem gjörist í öðrum löndum. En fram að árinu 1907—1908 var ekki leyft að gefa út af brjefpeningum í Danmörku meira en 32 kr. á höfuð. Menn skilja það ekki enn, að seðlarnir eru ekki gjaldgengir annarstaðar en á Íslandi, og liggja því einungis í vösum Íslendinga.

Og halda menn, að fyrir það, að öll viðskifti við útlönd teppast, þá liggi meira í vösum manna? Það eina gagn, sem Íslandsbanki gæti haft af því, að fá aukinn seðlaútgáfurjett, væri það, að fara með seðlana á pósthúsið og biðja landssjóð að innleysa þá erlendis með gulli. En það var aldrei meiningin með lögunum frá 1. ág. 1914.

Jeg er meðsemjandi að þessari þingsályktunartillögu, en það er ekki af því að jeg skoði seðlana nauðsynlega; jeg vildi að eins gjöra það til samkomulags. En því að eins get jeg fallist á þessa till., að það sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) vill fella burtu, fái að standa. Jeg hefi þá skoðun, að við eigum að fara að eins og önnur lönd, t. d. Danmörk, hafa gjört, og látum landssjóðinn sjálfan gefa út gjaldmiðil, ef hans væri þörf. Nú hefir verið sagt, að ekki væri lagaleg heimild til þess, nema til kæmi samþykki Íslandsbanka. En þegar á að veita honum einum lánið, þá skil jeg ekki að það geti verið lagabrot, að landið sjálft gefi út gjaldmiðilinn. Þess vegna skil jeg ekki rök hv. 2. þm. Árn. (E. A.), og því fremur er jeg hissa á þessari till. hans, þar sem hann í nefndinni í Nd. greiddi atkvæði á móti því að seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka væri aukinn. Eins og jeg hefi margsagt, hefi jeg ekki þá skoðun, að þörf sje á verðlausum brjefpeningum. En ef þörf þætti á þeim, væri hægt að bæta úr því með þessu móti. Það var gjört á þenna hátt í Danmörku 1907; leyft með konungl. auglýsingu að Þjóðbankinn mætti um 2 ára bil gefa út meiri seðla en ákveðið hafði verið, gegn því að greiða 5% vexti af ógulltrygðu seðlunum, sem við var bætt. Hjer er farið fram á að Íslandsbanki greiði að eins 4% af seðlalaninu; það er sama eins og honum væri lagt til sparisjóðsfe. En Danir tóku hærri rentu en hjer er lagt til í till., 5% en ekki 4%.

Það hefir verið talað um að þörf væri

á peningum til þess að útleysa farma. En hvert ganga svo þeir peningar? Þeir ganga strax til útlanda, en þar eru íslenskir seðlar ekki gjaldgengir. En því má ekki nota tjekka, eins og annars er gjört, bæði til almennings hjer á landi og til útlanda? Sá banki, sem tekur að sjer að borga hjer út slíka farma, og sem á altaf inni erlendis, hlýtur að áskilja sjer að mega borga með tjekku á þá inneign, eða að fá inneignina flutta til landsins eftir hendinni. Gjörri hann það, þá hefir hann nógan gjaldmiðil, nema hann taki upp á sig stærri viðskifti en hann ræður við. Það getur verið varhugavert að gefa út seðla til þess að leysa út farma eins og nú er ástatt. Reynsla er þegar fengin fyrir því að svo er. En jeg vil ekki nefna einstakt dæmi.

Með till. álit jeg að stjórnin sje skuldbundin til að gjöra þetta, sem tillagan fer fram á, að hún láti landssjóð gefa út seðla og láni þá síðan Íslandsbanka einum gegn 4% vöxtum og tryggingu. Því að eins greiði jeg atkvæði með till. að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Til þess að sanna enn betur, að það sje rjett, sem jeg hefi haldið fram í þessu máli, að varhugavert sje að gefa út ofmikið af verðlausum seðlum, sem ekkert gull liggur bak við, vil jeg, með leyfi hv. forseta, lesa upp litinn kafla úr Hage's Haandbog i Handelsvidenskab, bls. 800, þar sem talað er um „krisis“, með öðrum orðum um það ástand, sem nú er hjer. Þessi kafla hljóðar svo:

Viser det sig, at Bankerne ikke er Herre over Situationen, kan der blive Anledning for Staten til at træde til, navnlig ved at støtte det ledende Pengeinstitut, enten direkte ved Laan, eller til at give Tilladelse til midlertidig at benytte Metalreserven, altsaa at overskride den sædvanlige Seddelgrænse. En saadan forøget Seddeludstedelse kan paa den

anden Side være meget mislig, naar Seddelomløbet allerede i Forvejen er af stort Omfang.

Nú hefi jeg áður sýnt fram á, að hjer stendur svo á að „Seddelomfanget“, sem hjer er kallað, er mjög mikið. Og eins og menn heyra er dómur Hage's sá, að þá sje mjög hættulegt að auka seðlaútgáfuna, þegar svo á stendur.

Þessi renta, sem bankarnir eru alment látnir borga, ef þeir fá að auka seðlana fram yfir þá upphaflegu, fastákveðnu upphæð, er til þess að koma í veg fyrir, að þeir fari að „spekulera“ of mikið með verðlausu pappira, og til þess að stemma stigu fyrir að alt gull fari úr landi. Í Danmörku var, eins og jeg sagði, tekin 5% renta, í Þýskalandi er sömuleiðis tekin 5%, í Noregi *minst* 6% og í Frakklandi  $\frac{1}{4}$  af „diskontónni“, ef hún er fyrir neðan 5%, annars miklu meira.

Að svo mæltu legg jeg það eindregið til, að þessu verði hagað hjer eins og annarstaðar tíðkast, og að till. verði samþykkt án nokkurra breytinga.

**Einar Arnórsson:** Hv. síðasti ræðum. (B. K.) ljét sjer sama að segja af nefndarfundi, og legg jeg það undir dóm allra hv. þingmanna, hversu virðulegt það er. En hitt var þó verra, að hann skýrði ekki rjett, heldur rangt frá. Hann sagði að jeg hefði verið á móti því yfir höfuð, að seðlaútgáfurjettur bankans væri aukinn. Þetta er ekki rjett. Jeg greiddi atkvæði á móti því, á þeim grundvelli, sem Ed. hafði lagt. En þegar frumvarpinu hafði verið breytt af meiri hl. nefndarinnar, var það orðið alt annað.

**Flutningsm. (Sveinn Björnsson):** Það er vegna misskilnings á framsögunni, eftir því sem mjer virtist á ræðu hv. 1. þm. Gullbr. og Kjós. (B. K.), að jeg vil taka það fram, og vildi hafa tekið fram í frams.,

að seinni hluta till. var bætt við hana í því trausti að þá mundi alt Sp. geta fallist á hana, enda var það beint skilyrði sumra, sem að henni standa. En hins vegar er það ekki skoðun mín, að ákvæði seinni hluta till. sje algjörlega bindandi fyrir landsstjórnina; á það, að svo sje ekki, benda meðal annars orðin „til dæmis“.

**Karl Einarsson:** Jeg skal lýsa því yfir, að jeg kom með brtt. mína fyrir það, að jeg var ekki við-taddur, þegar fyrirvarinn var samþykktur. En mjer er sagt, að allir þeir, sem viðstaddir voru, hafi fallist á till. eins og hún er orðuð, og síðari hlutann líka. Þess vegna kom mjer það hálf-undarlega fyrir, að einn flutningsmaðurinn skyldi bera fram brtt. við hana.

Annars lýsti jeg því skýrt yfir við umr. í Ed., um seðlaaukningu Íslandsbanka, að jeg teldi stjórnina hafa fulla heimild til þess, meðan ófriðurinn stæði yfir, að gjöra það, sem gjört er ráð fyrir í þessari till. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir, ef þessi till. yrði samþykkt, þá teldi hann sig hafa heimild til að leyfa Íslandsbanka að gefa út seðla fram yfir þá seðlaupphæð, sem hann nú má gefa út. Jeg er á annari skoðun um þetta, og álit að slík heimild felist ekki í till. hv. 2. þm. Árnesinga. Hvað það snertir, að það sje brot á bankalögunum frá 1905 að samþykkja það, sem þessi till. fer fram á, þá get jeg ekki álitit að svo sje. Þau lög hafa þá æði oft verið brotin á þessu þingi, og meðal annars með gulllögunum, sem samþykkt voru um daginn. Menn verða að gá að því, að hjer er um alveg sjerstakar ráðstafanir að ræða, sem því að eins koma til greina, að viðskiftalífi landsins verði stofnað í voða, vegna styrjaldarinnar, sem nú er í heiminum.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta. Brtt. mín er svo ljós, að hana þarf ekki að skýra. Hún fer að eins fram á það, að landsstjórninni verði heimilað að

gefa út gjaldmiðil, og lána síðan hvorum bankanum sem hún vill. Jeg vona að hv. sameinað Alþingi samþykki þessa brtt. mína, en felli brtt. hv. 2. þm. Árn. (E. A.).

**Ráðherrann (S. E.):** Jeg lýsti yfir því, í síðustu ræðu minni, að jeg skildi tillöguna svo, ef ekki væru aðrar leiðir fyrir hendi, þá væri mjer heimilt að auka seðla-útgáfu Íslandsbanka. Jeg held þessum skilningi enn föstum. En vegna þeirra athugasemda, sem gjörðar hafa verið af hálfu tveggja háttv. þingmanna, 1. þingm. Gullbr. og Kjósarsýslu (B. K.) og þingmanni Vestmannaeyjasýslu (K. E.), þykir mjer vissara, til að taka af öll tvímæli, um rjettmæti þess skilnings míns, að ráða til að breytingartillaga háttv. 2. þingm. Árnesinga (E. A.) verði samþykkt.

Undir umræðunum hafði verið útbýtt tveimur breytingartillögum við tillöguna:

1. á þgskj. 517 frá Einari Arnórssyni og
2. — 518 — Karl Einarssyni.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega bera þær undir atkvæði.

Voru afbrigðin samþykkt með öllum atkvæðum.

ATKVGR.:

Brtt. 517 við tillöguna á þgskj. 516 samþ. með 26 : 13 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

*já:*

Einar Arnórsson,  
Sigurður Stefánsson,  
Bjarni Jónsson,  
Björn Hallsson,  
Eggert Pálsson,  
Einar Jónsson,  
Eiríkur Briem,  
Guðm. Eggerz,  
Hannes Hafstein,  
Jóhann Eyjólfsson,  
Jón Jónsson,

*nei:*

Benedikt Sveinsson,  
Björn Kristjánsson,  
Björn Þorláksson,  
Guðm. Hannesson,  
Guðm. Ólafsson,  
Hákon Kristóferss.,  
Hjörtur Snorrason,  
Jósef Björnsson,  
Karl Einarsson,  
Karl Fimnbogason,  
Ólafur Briem,

*já:*

Jón Magnússon,  
Július Havsteen,  
Magnús Kristjánss.,  
Magnús Pjetursson,  
Matthías Ólafsson,  
Pjetur Jónsson,  
Sigurður Eggerz,  
Sig. Gunnarsson,  
Sig. Sigurðsson,  
Skúli Thoroddsen,  
Stefán Stefánss., 4. kgk.,  
Stefán Stefánss. Eyf.,  
Steingr. Jónsson,  
Þórarinn Benediktss.

Guðmundur Björnsson greiddi ekki atkvæði og var talinn með meiri hlutanum.

Brtt. 518 talin fallin með þessari atkvæðagreiðslu.

Aðaltillagan á þgskj. 516 svo breytt samþykkt með 36 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

*já:*

Einar Arnórsson,  
Benedikt Sveinsson,  
Björn Hallsson,  
Eggert Pálsson,  
Einar Jónsson,  
Eiríkur Briem,  
Guðmundur Eggerz,  
Hannes Hafstein,  
Jóhann Eyjólfsson,  
Jón Jónsson,

*nei:*

Sveinn Björnsson,  
Þorleifur Jónsson.

*nei:*

Bjarni Jónsson,  
Björn Kristjánsson,  
Ólafur Briem.

*já:*

Jón Magnússon,  
Július Havsteen,  
Karl Einarsson,  
Karl Finnbogason,  
Magnús Kristjánss.,  
Magnús Pjetursson,  
Matthías Ólafsson,  
Pjetur Jónsson,  
Sigurður Gunnarss.,  
Sigurður Sigurðss.,  
Skúli Thoroddsen,  
Stefán Stefánsson 4. kgk.,  
Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf.,  
Steingrímur Jónsson,  
Sveinn Björnsson,  
Þórarinn Benediktsson.

Þessir þingmenn greiddu ekki atkvæði:

Sigurður Stefánsson,  
Björn Þorláksson,  
Guðmundur Björnsson,  
Guðmundur Hannesson,  
Guðmundur Ólafsson,  
Hákon Kristófersson,  
Hjörtur Snorrason,  
Jósef Björnsson,  
Sigurður Eggerz,  
Þorleifur Jónsson,

og voru þeir taldir með meiri hlutanum.

Tillagan afgreidd til ráðherra sem  
*ályktun sameinaðs Alþingis.*

(Sjá A. 519).

## Stefnuskrá ráðherra.

Aður en gengið væri til dagskrár á 5. fundi sameinaðs þings, mánudaginn 3. ágúst, að öllum þingmönnum viðverandi,

nema Eiríki Briem og Matthíasi Ólafssyni, lýsti forseti því yfir, að ráðherra tæki til máls.

**Ráðherra (Sigurður Eggerz):** Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt, hefir Hans hátign konungurinn útnefnt mig ráðherra 21. f. m.

Mjer er það ljóst, að ótal erfiðleikar biða mín í þessu embætti. Mjer er það ljóst, að jeg hefi tekist á hendur ábyrgð, sem herðar minar eru helst til veikar til að bera. En þrátt fyrir það liggja nú fyrir þinginu ýms þau mál, sem hugur minn fylgir svo fast, að löngun mín til að vinna að heppilegum úrslitum þeirra hefir orðið rikari en kvíði sá, sem jeg ber fyrir því, að kraftar mínir reynist eins miklir og skyldi.

Eitt af þessum málum er stjórnarskrármálið, sem liggur nú fyrir háttv. neðri deild. Í því felast ýmsar þær rjettarbætur, sem þjóðin hefir þráð um langan tíma, rjettarbætur, sem jeg tel miklu skifta. Jeg skal minna á afnám konungkjörinna þingmanna og rýmkuð kosningarrjettarins. Stjórnarskrárfurvarp þetta er yfir höfuð þannig vaxið, að jeg hygg að þing og þjóð fylgi því nálega óskift. En jafn óskiftur mun og hugur þings og þjóðar um það, að þær ráðstafanir, sem gjörðar verða jafnframt staðfestingu stjórnarskrárfurvarpsins, verði þannig vaxnar, að sjermálasvið vort verði ekki þrengt með þeim. Um hitt er aftur ágreiningur, hverjar ráðstafanir þrengi sjermálasvið vort og hverjar ekki. Hjer í landi hefir nú verið deila um það, hvort ráðstafanir þær, sem gjörðar voru í rikisráðinu 20. okt. 1913, og opið brjef, sem gefið var þá út, mundi, jafnframt fyrirhuguðum úrskurði um uppburð sjermála vorra í rikisráði, verða þess valdandi, að uppburður þeirra, sem vjer jafnan höfum skoðað sem sjermál vort, mundi, að slikum úrskurði fengnum, verða skoðaður sem sammál. Jeg geng út frá, að hion fyrirhugaði úrskurður verði á þá leið, að í honum standi ekki annað en að málin skuli borin upp í rikisráði. Hjer er ekki staður nú til að fara frekar inn á

þessi ágreiningsmál. Að eins vildi jeg taka fram, að mín skoðun er sú, að rjett sje, að þingið á tryggilegan hátt fyrirbyggji, að sá skilningur verði lagður inn í ráðstafanir þær, sem gjörðar voru í rikisráðinu 20. okt., og opna brjefið, að fornum rjetti vorum til að ráða því með konungi vorum, hvar sjermál vort verði borin upp, verði í nokkru haggað.

Ekki svo að skilja, að jeg vilji amast við því, að málin verði borin upp í rikisráði; að eins leggja áherslu á það, að það sje mál milli konungs og vor, hvar málin verði borin upp.

Jeg hefi skýrt Hans hátign konunginum frá því, að jeg gæti ímyndað mjer, að hið háa Alþingi, jafnframt því að samþykkja stjórnarskrárfurvarpið, mundi gjöra fyrirvara í þá átt, að haldið væri fast við að uppburður sjermála vorra verði sjermál vort. Hans hátign konungurinn gaf ekki fyrirheit um að samþykkja stjórnarskrárfurvarpið með slikum fyrirvara, en sagðist þá fyrst geta tekið ákvörðun um það, er hann sæi, hvernig fyrirvarinn væri orðaður.

Það er samt von mín, þó að eins von mín og trú, eftir að jeg hefi kynst hinum rika velvildarhug, sem konungur ber til vor, að sú muni reyndin verða á, að vjer fáum staðfest furvarp það, sem fyrir þinginu liggur, með hæfilegum fyrirvara í þá átt, sem að ofan greinir, og því fremur er það von mín, sem jeg veit, að greiðasti vegurinn til að auka samúð milli Danmerkur og Íslands, er einmitt sá, að fult tillit sje tekið til rjettmætra krafa vorra, og þá einkum þegar kröfurnar eru þannig vaxnar, að frá danskri hlið getur ekkert verið athugavert við þær. Það er að öðru leyti skoðun mín, að þegar vjer höfum fengið stjórnarskrármálinu og fánamálinu ráðið til lykta á viðunanlegan hátt, eigum vjer að forðast ágreiningsmálin milli Íslands og Danmerkur, en snúa öllum hug vorum að innanlandsmálum vor-

um. Verkefnin biða vor hjer á öllum svið-  
um. Vjer hljótum að leggja meiri rækt  
við landbúnað vörn en hingað til hefir átt  
sjer stað; grænu blettunum verður að  
fjölga í landinu. Sjávarútvegurinn verður  
að eflast. Vjer eigum ekki ráð á að halda  
gullkistunni kring um landið lokaðri leng-  
ur. Lyftistöng allra framfara, samgöngur  
bættar á sjó og landi, þurfa að verða heit-  
asta hjartans mál vort. Ekkert sjálfstæðis-  
spor hefir verið stigið fastara í landi voru  
en stofnun ísl. eimskipafjelagsins, og því  
máli vil jeg fylgja með alhug, enda veit  
jeg að hugur þjóðarinnar vakir yfir engu  
máli meir en því.

Jeg heiti því, að leggja alla krafta mína  
fram til þess að vinna að heill landsins.  
Sjerstaklega nú á þessum ófriðartimum  
mun stjórnin gjöra sjer far um að tryggja  
velferð landsins, og hygg jeg að fullyrða  
megi, að þær ráðstafanir sjeu nú gjörðar  
af þingi og stjórn, að ekki þurfi að bera  
kviðboga fyrir ófriðnum. En jeg veit það  
betur en nokkur annar, að minn eiginn

kraftur er mjög takmarkaður. En það er  
ekki kraftur einstaklingsins, heldur kraftur  
einstaklinganna, sem lyfta velferðarmálum  
þjóðanna. Og að því vil jeg vinna; það vil  
jeg styðja, að stilla saman þá strengi, þá  
mörgu strengi, sem geyma framtíðarvor-  
tóna íslensku þjóðarinnar.

Jeg ber þá von í brjósti, að rjettlætistil-  
finning mín megi jafnan verða vakandi í  
embætti þessu, og jeg vona það, að allir  
þeir, sem eiga undir mig mál að sækja,  
megi finna, að þeir eigi ekki við ráðherra  
ákveðins flokks, heldur við ráðherra Íslands.  
Og þó svo færi, sem undanfarin reynsla  
hefir bent á, að stundum kunni að anda  
kalt í kring um ráðherrastólinn, þá vona  
jeg og óska, að rjettlætislöngun mín megi  
ekki frjósa í þeim kulda. Jeg óska þess  
hvorki að ráðherratið mín verði stutt nje  
löng; um það hefi jeg engar óskir; en hins  
vildi jeg óska, að jeg mætti leggja þó ekki  
væri nema lítið laufblað í þann hamingju-  
sveig, sem vjer allir viljum fljetta um  
höfuð ættjarðarinnar.

## Kosningar.

### 1. Velferðarnefnd.

Á 5. fundi sameinaðs þings, mánudaginn  
3. ágúst, er allir þingmenn voru mættir,  
nema Eiríkur Briem og Matthías Ólafsson,  
var tekið fyrir samkvæmt dagskránni:

*Kosin 5 manna nefnd, samkvæmt 1.  
gr. lagu 1. ágúst 1914, til þess að vera  
landsstjórninni til ráðuneytis um ráð-  
stafanir til að tryggja landið gegn hættu,  
sem því geti stafað af ófriði stórvelda  
í Norðurálfu.*

Samþykkt var í einu hljóði, að viðhafa  
hlutfallskosingu.

Fram komu tveir listar.  
Merkti forseti fyrri listann *A*.  
Á honum voru þessir menn:  
Björn Kristjánsson,  
Sveinn Björnsson,  
Einar Arnórsson,  
Benedikt Sveinsson.

Seinni listann merkti forseti *B*.  
Á honum voru þessir menn:  
Hannes Hafstein,



Jón Magnússon,  
Guðmundur Björnsson.

Forseti ljet því næst ganga til kosninga.  
Hlaut þá

A-listinn 23 atkv. og  
B-listinn 13 —

Fyrir því lýsti forseti þessa menn kosna  
í nefndina og í þessari röð:

Björn Kristjánsson með 23 hlutfallsatkv.		
Hannes Hafstein	— 13	—
Svein Björnsson	— 11 $\frac{1}{2}$	—
Einar Arnórsson	— 7 $\frac{2}{3}$	—
Jón Magnússon	— 6 $\frac{1}{2}$	—

## 2. Þingfararkaupsnefnd.

Á 6. fundi sameinaðs þings, laugardaginn 8. ágúst, er allir þingmenn sóttu, nema Eggert Pálsson, Eiríkur Briem og Jón Magnússon, var tekið fyrir samkvæmt dag-skránni:

*Kosin nefnd til að úrskurða þingfararkaupsreikninga alþingismanna, samkvæmt 4. gr. laga nr. 10, 22. okt. 1912.*

Samþ. var að viðhafa hlutfallskosningu.  
Þrjár listar komu fram.

Á fyrsta listanum, sem forseti merkti A, stóðu:

Karl Einarsson,  
Guðmundur Eggerz,  
Hjörtur Snorrason,  
Magnús Kristjánsson,  
Matthías Ólafsson.

Á öðrum listanum, er forseti merkti B, stóð:

Magnús Kristjánsson.

Á þriðja listanum, sem forseti merkti C, stóðu:

Ólafur Briem,  
Þórarinn Benediktsson.

Ljet forseti svo ganga til kosninga.  
Hlaut þá

A-listinn 16 atkv.,  
B-listinn 6 — og  
C-listinn 10 —

Forseti lýsti þessa menn kosna og í þessari röð:

Karl Einarsson	með 16 hlutfallsatkv.	
Ólaf Briem	— 10	—
Guðmund Eggerz	— 8	—
Magnús Kristjánsson	— 6	—
Hjört Snorrason	— 5 $\frac{1}{3}$	—

## 3. Bankaráðsfulltrúi.

Á 8. fundi sameinaðs þings, miðvikudaginn 12. ágúst, að öllum þingmönnum viðverandi, var tekið fyrir samkvæmt dag-skránni:

*Kosning á einum manni í bankaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið 1915 til 1919.*

Kosningu hlaut:

*Magnús hjeradóslæknir Pjetursson*, þm. Strandam.,

með 20 atkv.

Matthías Ólafsson, þingm. V.-Ísf., fjekk 16 atkv. Þrjár seðlar voru auðir.

## Þinglausnir.

Að lokinni dagskrá á 9. fundi samein-  
aðs þings, fimtudaginn 13. ágúst, að öll-  
um þingmönnum viðverandi, skýrði forseti  
frá störfum þingsins á þessa leið, með því  
að nú væri útrunninn tími sá, er þingið  
mætti starfa að þessu sinni, og öllum mest  
verðu störfum þess lokið:

Alþingi 1914

hefir haft til meðferðar alls 85 lagafrum-  
vörp. Þar af:

### 1. Stjórnarfrumvörp

15 lögð fyrir Alþingi;  
þar af 4 feld,  
en afgreidd sem lög 11

### 2. Þingmannafrumvörp

70 borin fram;  
þar af 18 feld,  
11 tekin aftur,  
8 ekki útrædd, en  
afgreidd sem lög 33  
Alls afgreidd frá Alþingi 44 lög.

Auk þess hefir verið til meðferðar í  
þinginu:

#### a. Þingsályktunartillögur

31 bornar fram;  
þar af 7 samþ., en ekki afgr. til  
ráðherra,  
1 feld,  
1 ekki útrædd, en  
22 samþ. og afgreiddar til ráðherra.

#### b. Fyrirspurnir

2 bornar fram, leyfðar og þeim svarað.

#### c. Rökstuddar dagskrár

12 bornar fram;

þar af 5 samþyktað,  
en 7 feldar.

Forseti mælti þar næst til þingsins að  
skilnaði svofeldum orðum:

Þá er störfum Alþingis lokið að þessu  
sinni.

Það eru nú í sögu þess allmerkileg  
tímamót.

Vjer höfum allir munað eftir því í sum-  
ar, að 40 ár eru liðin síðan Alþingi fjekk  
löggjafarvald. Þetta er 25. löggjafarþingið,  
sem nú er á enda háð.

Það er venja á slíkum tímamótum, sem  
markast á þessu líkan hátt, að telja eftir  
þeim tímabil í lífi og sögu, og þá að líta  
yfir hið liðna og láta það verða að hvöt-  
um til framtaks fyrir hið ókomna.

Vjer höfum ástæðu til að líta allánægð-  
ir yfir liðið skeið löggjafarþinganna. Mörg  
framfaraspor stigin á hverju svæði því  
nær. Löggjafarþingin hafa eðlilega á liðnu  
áratugunum verið þjóð vorri til ómetan-  
legra heilla, öll saman og hvert um sig  
markað stærri og smærri framfaraspor í  
atvinnuvegum og ástandi þjóðarinnar.

Sú ósk hefir áreiðanlega búið í huga  
hvers af oss, sem höfum átt það hlutskifti  
að heyja þetta 25. löggjafarþing vort, að  
láta það einnig marka spor fram á leið.  
Og hversu sem vjer sjálfir og aðrir dæma  
um að störfin hafi tekist, þá vonum vjer  
að þetta þing sitji ekki við það eitt að  
vera merkisþing í töluröðinni.

Það hefir afgreitt 2 stórmál.

Fyrst stjórnarskrármálið, sem það aðal-  
lega kom saman til að leiða til lykta.

Nú hefir það fyrir sitt leyti lagt síðustu  
hönd á það mál, með þeim umbótum, sem  
fela í sjer meira tímabært frjálslyndi, rjett-  
læti og framfarumöguleika.

Annað er fánamálið, sem einnig má verða til mikilla heilla til að glæða samheldni inn á við og framtak út á við.

Og þó að í hvorugu málinu sje síðasta marki náð, þó ekki sje svo fullbjart sem skyldi yfir síðustu úrslitum þeirra, þá slitum vjer þingi með þeirri von og ósk, að það horf, sem þau eru komin í, verði landi voru og þjóð til blessunar og heilla.

Þá hefir Alþingi enn að þessu sinni haft til meðferðar óvænt mál, sem ekkert löggjafarþing hefir fyrri þurft að hafa með höndum. Það eru ráðstafanir vegna þeirrar afar-geigvænlegu styrjaldar, sem nú geysar yfir Norðurálfu.

Vjer erum svo lánsamir, að fósturjörð vor er fyrir utan þann hrikaleik, en afleiðingar hans eru þó farnar þegar að bitna tilfínanlega á oss. Alþingi hefir haft hug á að gjöra ráðstafanir til að afstýra þeim afleiðingum sem unt er.

Vjer vitum ekki hve alvarlegar þær allar verða áður lýkur.

En vjer biðjum guð með einum huga að blessa fósturjörð vora og forða henni frá grandí.

**Ráðherra (S. E.):** Með því að sá tími, sem ákveðinn var þessu aukarþingi, með konungsbrjefi 20. apríl þ. á., er liðinn, og frestur sá, sem þingtiminn var lengdur um, einnig er útrunninn, lýsi jeg því yfir í nafni Hans hátignar konungsins, að þessu 25. löggjafarþingi Íslendinga er slitið.

**Sigurður Stefánsson,** þm. Ísafjarðarkaupst., reis þá úr sæti sínu og mælti:

*Lengi lifi konungur vor Kristján hinn Tíundi!*

Tóku þingmenn undir það með níföldu húrri.

*Var síðan af þingi gengið.*

LEIÐRJETTINGAR.

Dálki 5, 15. l. a. o. fyrir **Tíundu** komi: **Tíundi**.

— 6, 7. - - n. — *Undi Vrorri* komi: *Undir Vorri*.

---